

ILMANSKÓGAR BETRI LANDA

Um Halldór Laxness í Nýja heiminum og vesturfaraminnið í verkum hans

Einn vormorgun snemma

Þegar Halldór Laxness var að alast upp í byrjun síðustu aldar voru vesturferðir Íslendinga að mestu um garð gengnar. Þær voru þó enn í fersku minni manna sem margir höfðu séð á eftir vinum og fjölskyldu til Vesturheims, og eflaust hefur mikið verið um þær talað. Í bernskuminningum sínum *Í túninu heima* (1975) minnst Halldór oft á vesturferðirnar sem honum hafa verið hugleiknar strax sem barni og verða honum táknmynd þess vanda að vera Íslendingur, togstreitunnar milli þess að „fara burt [...] eða vera kyr“ (184). Vesturferðirnar tengir hann tungumálinu, skáldum og skáldskap, og einnig sárum aðskilnaði eða harmleik. Í upphafi kafla um bækur sem voru lesnar í Laxnesi þegar hann var lítill segir hann frá fyrsta áratug tuttugustu aldar þegar enn stóð „blómaskeið ættjarðarljóðs sem var þýsk-skandínávískt fyrirbrigði, hingað komið frá Danmörku [...], og bar uppá sama daginn og amrikuferðirnar, þegar allir fluttu úr landi sem áttu fyrir fari, að því er Matthías Jochumsson skrifaði þá af Akureyri“, en „eftir sátu aumíngjar og embættismenn og grenjuðu ættjarðarljóð Matthíasar sjálfs og annarra.“ (172) Síðan segir hann:

Ég mun hafa verið 7 ára þegar faðir minn vekur mig einn vormorgun snemma og gefur mér póstkort með mynd af dönsku málverki af Gunnari á Hlíðarenda, þar sem hetjan stendur við hólmann á sandinum og ræður við sig að snúa aftur. Aftaná kortið hefur faðir minn skrifað þessa einföldu minningu við son sinn: „Elsku Dóri minn, hérna gef ég þér mynd af Gunnari á Hlíðarenda. Gunnar vildi heldur snúa aftur og etja við erfiðleikana heima en hverfa burt úr landi. Þinn pabbi.“ (172-173)

Þessum orðum segir Halldór að hafi ekki fylgt nein skýring og hann hafi aldrei vitað beina orsök þess að þau voru skrifuð.

Myndin á póstkortinu er úr myndröð sem norskri myndlistarmaðurinn A. Bloch gerði fyrir aðra útgáfu bókarinnar *Vore fædres liv* 1898, en í því eru þýddir kaflar úr Íslendingasögum. Myndin er upprunalega svart-hvít en var gefin út handlituð á póstkorti um 1910 af Agli Jacobsen. Sýnir hún Gunnar á Hlíðarenda þar sem hann á leið til skips ræður við sig að snúa aftur.¹ Frá því segir svo í *Njálu*:

Þeir ríða fram að Markarfljóti, þá drap hestur Gunnars fæti, og stökk hann úr söðlinum. Honum varð litið upp til hlíðarinnar og bæjarins á Hlíðarenda og mælti: „Fögur er hlíðin, svo að mér hefur hún aldrei jafnfögur sýnst, bleikir akrar og slegin tún, og mun ég ríða heim aftur og fara hvergi.“²

Margar af fyrstu bókunum sem Halldór las voru sögur um og eftir vesturfara. Í *Í túninu heima* minnst hann Jóhanns Magnúsar Bjarnasonar (1866–1945) sem hafi verið „einn af því yrkjandi og bóklesandi fátæktarfólki sem flúði úr landi þúsundum saman uppúr ættjarðarljóðunum miklu 1874.“ (187) Jóhann Magnús var níu ára þegar hann fluttist vestur með foreldrum sínum sem settust að í Halifax-héraði í Nova Scotia. Jóhann Magnús hlaut „sína litlu skólamentun á ensku þó hann skrifaði aldrei á því máli“ (187), heldur á íslensku. „Sögur hans fjölluðu umfram allt um íslendinginn í útlendum alheimi, þar sem ekki er leingur neitt eyland, og einginn maður er eyland heldur, því öll eylöndin eru sokkin í mannhafinu.“ (188)

Halldór segir að hann hafi lesið söguna „Úngfrú Harrington“ mörgum sinnum og hafi hún haft mikil áhrif á sig.³ „Eftir að ég fullorðnaðist þorði ég ekki leingi vel að lesa aftur þessa sögu af ótta við að verða vonsvikinn. Ég náði mér í bókina aftur núna á dögnum. En ekki

1 *Vore fædres liv* (1898), bls. 311. Póstkortið er varðveitt í póstkortasafni Landsbókasafns Íslands-Háskólabókasafns. Á því stendur efst í vinstra horni: Gunnar fra Hlidarenda.

2 *Brennu-Njáls saga*, bls. 182.

3 Sjá Jóhann Magnús Bjarnason, *Vörnætur á Elgsheiðum. Sögur frá Nýja Skotlandi* (1910).

var ég búinn að lesa leingi áður en ég varð hyltur og bjargtekinn einsog þegar ég var níu ára.“ (190) Þegar Halldór les söguna er hann á sama aldri og Jóhann Magnús þegar hann flutti úr landi, og það er augljóst að Halldór samsamar sig honum og ber sig saman við hann, bæði sem Íslending og rithöfund: „Auðvitað sé ég mannlegar veilur á handbragði höfundar sem fór burt af Íslandi á því skeiði sem krakkar byrja að lesa íslendingasögurnar heima hjá sér; og kom aldrei aftur. Mikið hefur þetta samt verið yndislegur maður. Og lángaði einlægt heim. Gat aldrei unnið sér inn fyrir svo stórri upphæð í einu að hún dygði fyrir fari til Íslands: það var sú almenna ævikreppa sem íslendingar lifðu vestur þar; og stóð enn hjá mörgum þegar ég síðast vissi.“ (190-191)

Halldór minnst einnig skáldsögu Jóhanns Magnúsar um Eirík Hansson, og segir að inn í allan lestur sinn í bernsku hafi fléttast „Eiríkur litli Hansson einn á rölti um Norðuramríku.“ (208)⁴ En í þeirri sögu hefur ein „ógleymanleg persóna [...] gripið til þess heillaráðs að bjarga íslenska sjálfumleikanum með því að kalla sig Mr Reykjavík.“ (188) Þá segir Halldór að reyndar hafi Jóhann Magnús töfrað sig svo „dreinginn, að ég gleymdi að hugsa úti harmleik útflytjandans – ef á þá að kalla það harmleik og ekki truflun.“ (188) Um þetta vitnar hann í orð „þess vísa manns“, „dr Thorlaksson úr Winnipeg“, sem hafi eitt sinn sagt sér á hóteli í New York að heimþráin hafi þyrmt „svo yfir mart af gamla fólkinu að það væri tæplega hægt að flokka sálarástand þess undir annað en geðsjúkdóm.“ (188-189)

Annar ungur útflytjandi sem Halldór minnst er Nonni (Jón Sveinsson, 1857-1944,) sem varð fyrir því að móðir hans „kvaddi hann að skilnaði 12 ára gamlan og seldi hann suðrí heim um eilíf ár“ (157). Á þeim degi telur Halldór að „innralíf“ (162) Nonna hafi dáið og hafi hann síðan alltaf verið sami tólf ára drengurinn og hann hét móður sinni að skilnaði.⁵ Nonni fer ekki vestur, enda vesturferðir vart hafnar 1870. Það gerir hins vegar móðir hans, Sigríður Jónsdóttir, og verður

4 Skáldsaga Jóhanns Magnúsar Bjarnasonar, *Eiríkur Hansson*, kom út í þremur „þáttum“ á árunum 1899-1903.

5 Í „Við Nonni“ ræðir Halldór einnig aðskilnað þeirra mæðgina og heit Nonna „að leggja aldrei niður hugsunarhátt íslenska dreingsins“. *Reisubókarkorn* (1950), bls. 300.

fyrirmynd einnar óræðustu kvenpersónu í verkum Halldórs.⁶ Hann segir: „Hver sem virðir fyrir sér ljósmynd Sigríðar úr Vogum frá blómaskeiði ævi hennar geingur þess ekki dulinn að myndin er af glæsilegum kven-skörúngi einsog einlægt hafa verið á Íslandi, og ekki í fornsögum einum; þó stundum kanski ekki nema ein og ein á öld.“ (158) Síðan segir hann að Sigríður hafi að bónda sínum látnum flust vestur um haf „og átti þar góðri giftingu að fagna sem slíkri konu byrjar, og átti heimili sitt um skeið vestrá Kyrrahafsströnd. Það var ljósmynd þessarar konu sem ég hafði fyrir mér þegar ég var að gera tilraun til að lýsa Úu í Kristnihaldi.“ (158-159)

Sem barn las Halldór þýddar sögur vestur-íslensku blaðanna *Lögbergs* og *Heimskringlu* sem hann segir að Íslendingar hafi gert óp að þegar þær fóru að berast, enda á móti öllum nýmælum, einkum í bókmenntum. „Menn báru þær samanvið íslendingasögurnar.“ (180) Meðal þýðenda var Einar Kvaran (1859-1938), sem Halldór segir á öðrum stað að hafi verið „kjörskáld bernsku“ sinnar.⁷ Hann víkur oft að Einari í ritum sínum, ekki síst árum hans í Vesturheimi. Í *Í túninu heima* minnist hann Einars sem eins „þeirra íslensku mentamanna og skálda“ (179) sem ritstýrðu vestur-íslensku blöðunum. „Til eyðufyllingar höfðu dagblöð þeirra enskar skáldsögur, oft í hreinlegum þýðingum, og allar betri en þýðingar gerast upp og ofan núna, og hafa þessar bækur aldrei verið metnar sem vert er á Íslandi þó þær væru mikið lesnar um skeið.“ (179) Þessar „lögbergssögur og heimskringlu“ sem „kaupmannsfrú í bænum [...] tókst að útvega Dóra litla“ (220) las hann rennvotur í hjásetunni sumarið sem hann var tíu ára. Í *Heiman eg fór* (1952), sem Halldór skrifaði rúmlega tvítugur, minnist hann einnig þessarar hjásetu:

Sumarið sem ég var tíu ára, var ég látinn sitja ær. Ég undrast það æ síðan, að mönnum skuli hafa fundist hjásetur tilkomumikill starfi eða hjarðmenska, og því síður hef ég getað skilið að menn skuli hafa ort um það ljóð. Því þetta hjásetusumar mitt er eitt hið ómerkilegasta sumar sem ég hef

6 Sigríður Jónsdóttir fæddist í Reykjahlíð 1826, fluttist til Vesturheims 1876 og andaðist í Winnipeg 1910. Hún eignaðist níu börn, gaf eitt frá sér og missti þrjú. Um ævi hennar, sjá *Konur skrifa bréf*, bls. 305-336; einnig Nelson Gerrard, *Icelandic River Saga*, bls. 227-228.

7 Halldór Laxness, *Við heygardshornið* (1981), bls. 62.

lifað. Ég var altaf blautur í fæturna, oft slæmur í maganum, síorgandi og fúll. Hefði ég ekki feingið léðar nokkrar Lögbergs-sögur mundi ég hafa geingið fyrir ætternistapa af leiðindum. Ég lá á maganum sunnan undir hól og las Myrtan í vagni, Mátt dáleiðslunnar, Hinn óttalega leyndardóm og Makt myrkranna.

Ég var ekki látinn sitja hjá frammar. (18)⁸

Sögur *Lögbergs* og *Heimskringlu* „voru stimplaðar Lestrarfélagi kvenna í Reykjavík“ (*Í túninu heima*, 220). Það var sennilega einnig skáldsagan *Elding* eftir Torfhildi Hólm sem kom út í Winnipeg 1889 og varð hvorki meira né minna en kveikjan að fyrstu skáldsögu Halldórs, en hana segist hann hafa skrifað 12 ára gamall, fyrsta veturinn sinn að heiman. „Það er ein sú leingsta skáldsaga sem samin hefur verið á íslensku, enda miðaði ég stærð hennar við Eldingu eftir frú Torfhildi Hólm [...] Til áréttingar kallaði ég mína bók Aftureldingu. Í bók Torfhildar komu fyrir ‘arnhöfðóttir púkar’. Úr minni man ég afturámóti hvergi tvö orð í samhengi.“ (148) Þetta „mikla ritverk“ (148) var aldrei prentað og barst handritið „burt með rusli“ (149).

Eins og til mótvægis öllum þessum vestur-íslensku bókmenntum nefnir Halldór Jón Trausta (Guðmund Magnússon, 1873–1918), „frá Hrauntánga í Öxarfjarðarheiði“ (181), sem hann segir að standi sér „fyrir hugskotssjónum sem einn mestur undramaður að verið hafi í sagnasmíð íslendinga fyr og síðar“ og séu allir vetur sínir heima „teingdir minningunni um nafn þessa manns og verk hans“ (181), en þau voru lesin á vökunni. Í beinu framhaldi af því ræðir hann um fólksflóttann af landinu sem hafi verið mestur af Norðausturlandi og spyr hverju það sæti að einmitt þar verði síðan meiri þróun í velgengni og menningu en annars staðar á landinu. „Má vera að hér sé um að ræða tvær lausnir á sama vandamáli: fara burt að leita betri hluta, eða vera kyr og efna til betri hluta heima hjá sér.“ (184)

8 Sjá einnig „Inngangsorð að Syrpu,“ í *Seisejú, mikil ósköp* (1977), bls. 75–76, þar sem Halldór lýsir enn hjásetunni og telst svo til að á einu sumri hafi hann „komist yfir hátt í tuttugu ‘lögbergsögur’ sem voru „þýddar af þeim ágætum skáldum og mentamönnum Íslands sem dvöldust í Vesturheimi á aldamótatímanum og stýrðu blöðum íslenskra innflytjenda.“

Ég tel ykkur aðeins í útleð

Í júníblaði *Æskunnar* 1916 birtist grein með yfirskriftinni „Barnablaðið ‘Sólskin’“, og er höfundur „H. Guðjónsson frá Laxnesi“. Greinin er í bréfsformi og er það fyrsta sem vitað er til að birst hafi á prenti eftir Halldór Laxness undir nafni. Með henni vill hann kynna íslenskum börnum „Sólskin“, nýtt barnablað *Lögbergs*, svo að „æskan á Íslandi kynnist ofurlítið sínum litlu löndum – íslenzku æskunni í Vesturheimi.“ (46) Hann lýsir blaðinu og segir frá börnunum sem í það skrifa. „Íslenzku börnin vestra eru mikið með enskumælandi fólki, lesa ensk blöð og bækur, en þykir þó svo fjarska vænt um Ísland og íslenzkuna. Það er því von að þeim þyki vænt um litla, íslenzka ‘Sólskinsblaðið’ sitt, eins og þau kalla það.“ (46) Hann birtir sýnishorn af greinum þeirra, vísum og skrítlum „til þess að sýna börnunum hér heima, hve vel börnin vestra rita.“ (46) Hann segir einnig að hann hafi nýlega sent „Sólskins-börnunum“ í Ameríku nokkrar línur um íslenska vorið og sumardýrðina sem íslensku börnin eigi nú í vændum, og einnig ‘æskulýðsblöðin’ íslensku, fullviss þess að „öll ‘Æsku-börnin’ á Íslandi bæðu að heilsa ‘Sólskins-börnunum’ í Ameríku.“ (47) Greinin sem Halldór segir frá birtist svo í „Sólskini, barnablaði *Lögbergs*,“ í *Lögbergi* 15. júní sama ár. Ber hún yfirskriftina „Sólskinsbörn. Kveðjusending frá landa ykkar og vini austur á Íslandi,“ og er sömuleiðis undirrituð af H. Guðjónssyni frá Laxnesi.⁹ Í henni ávarpar hann vestur-íslensku börnin, talar við þau og hrósar þeim fyrir það sem þau hafa skrifað í blaðið, en að hans mati eru þau miklu betri rithöfundar en börnin á Íslandi: „Eftir sögunum að dæma þá eruð þið betur að ykkur en systkini ykkar hér á ættlandinu ykkar, – það er langt frá að þau skrifi svo rétt og semji eins og þið, – sum og mörg a.m.k.“

Hann segir þeim frá Íslandi, „landinu sem ykkur á að vera allra kærast,“ frá vorinu, náttúrunni og birtunni. „Eg veit ekki hvort þið þekkið bjartar nætur eða ekki – eg hygg þó síður, – en bjartar nætur eru eitt af

9 Í þessu bréfi til „Sólskins“ segir Halldór frá „greinarkorni“ eftir sig sem hafi nýlega birst í *Æskunni*. „Var það um ykkur og Sólskinið. Eg sagði *Æskunni* frá sögunum ykkar og hvað þið væruð dugleg og hvað ritsstjóri *Lögbergs* hefði verið hugsunarsamur að eftirláta ykkur hluta af blaði sínu.“ Í „Sólskini“ 29. júní 1916 er grein Halldórs prentuð í heild „upp úr blaðinu ‘Æskan’ heima.“

því fegursta sem guð hefir látið landi voru til prýðis.“ Hann vill að þau læri fallegar vísur um vorið og segir þeim frá hjásetunni, þegar íslensku drengirnir „labba út í hagann með ærnar á undan sér og seppa við hlið“ og hafa með sér „bækur að lesa sér til gamans.“ Sjálfur segist hann hafa lesið allar Íslendingasögurnar í hjásetunni og verið búinn með þær þegar hann var 11 ára: „Ef að mann *langar* að elska landið sitt en gerir það ekki beinlínis, þá er meðalið þetta: Lestu Íslendingasögurnar, með þeim drekkurðu í þig ættjarðarást.“ Hann segir þeim hvorki frá rigningunni né „lögbergssögnum“. Það passar ekki inn í myndina af Íslandi.

Halldór skrifar aðra grein í „Sólskin“ síðar þetta sama ár, og birtist hún í *Lögbergi* 9. nóvember 1916: „Til Sólskinsbarna. H. Guðjónsson frá Laxnesi sendir.“ Hér segir hann þeim frá íslenskum húsdýrum, kindum, hrossum og kúm, sem séu að ýmsu leyti frábrugðin þessum skepnum vestra. Hann byrjar einnig að segja frá þjóðháttum, t.d. amboðum og heyþurrkun, en gefst upp á því: „Aðferðir og vinna við heyþurkunina er margvísleg, – fer bæði eftir tíðarfari og landslagi – , og eg veit að þið hafið ekkert gaman af að heyra um það, því held eg að eg sleppi því.“

Eins og í fyrra bréfinu fjallar hann mjög um skáldskap, og náttúruleysingar sínar fléttar hann tilvitnunum í íslensk kvæði, um leið og hann býður börnunum með sér í ferðalag í huganum svo að þau geti séð fegurð íslenskrar náttúru. Og eins og pabbi hans hafði áður gert með kortinu til hans sjö ára brýnir hann þau með Gunnari á Hlíðarenda. „Og einhver mundi snúa við í nánd við skipsfjöl á leið burtu aftur ef honum yrði litið við, og segja eins og Gunnar: ‘Fögur er hlíðin, svo að mér hefir hún aldrei jafnfögur sýnst. Mun eg snúa heim aftur og fara hvergi!’“ Síðan bætir hann við: „Annars er eg ef til vill að gera það sem eg ekki má: að vekja heimþrá í hjörtum ykkar.“ Hann þakkar þeim fyrir kvæðið „Til vinanna heima“ sem fyrir nokkru birtist í blaði þeirra, og launar þeim með öðrum vísum. Það er þrjár ferskeytlur, eins og „Til vinanna heima“, en aðeins hálfrímaðar. Í þeim biður hann bylgjuna bláu að flytja „kæra, kæra / kveðju að vesturströnd“ og „óskir hinum ungu / Íslendingum þar / til happa og láns á lífsins / leiðum alstaðar.“ Hann særir þau að gleyma „aldrei, aldrei“ að „út við Norðurpól“ þau „eigi

heimahúsin,“ og hann kveður þau með orðunum: „Ég tel ykkur að eins í útleð!“

Atlantshafið ég einatt fór

Réttum ellefu árum eftir að bréf Halldórs birtist í „Sólskini“, eða 15. júní 1927, mátti í *Heimskringlu* lesa smáfrétt á öftustu síðu:

Hingað komu í fyrradag tveir Islendingar að heiman, Halldór Kiljan Laxness rithöfundur og skáld og Páll Jónsson verzlunarmaður frá Reykjavík.

Mr. Halldór Kiljan Laxness, sem er vafalaust einn allra efnilegasti hinna yngri rithöfunda Islands, býst við að dvelja hér í Canada í sumar, og fara vestur til Californiu með vetrinum. Mun hann aðallega ætla að kynna sér uppeldismál. Hefir hann birt nokkrar hugleiðingar um þau í íslenskum blöðum, eins og lesendum Heimskringlu er kunnugt.

Halldór Laxness var nýlega orðinn 25 ára þegar hann steig fæti sínum á land í Kanada. Hann hafði þegar gefið út þrjár skáldsögur og ferðast víða um Evrópu. Ýmislegt bendir þó til að hann hafi upphaflega ætlað sér til Vesturheims, jafnvel í því augnamiði að gerast þar innflytjandi. Til er umsókn um landvistarleyfi fyrir hann í Kanada, undirrituð af „frænda“ hans, John G. Christiansen í Wynyard, Saskatchewan. Umsóknin er ódagsett en henni fylgir bréf til Thomas R. Gelley á innflytjendaskrifstofunni í Winnipeg frá 23. ágúst 1922, þar sem m.a. segir:

I am expecting a young man from Copenhagen this winter, who is coming out here to assist me on the farm. His name is Halldór Gudjónsson from Laxnes, Iceland. He is about 22 years of age, of sound body and mind. He has had a fair education and speaks English sufficiently to make himself understood. It is my desire that he shall be allowed upon landing to proceed out west. For this reason I am writing to you to ask you to obtain clearance for him from the Immigration Department. I will hold myself responsible for him upon his arrival, that he shall not in any way become a public charge. [...]

Umsóknina ásamt bréfinu er að finna í bréfasafni Rögnvalds Péturssonar og er lögð inn í bréf til hans frá Friðriki Friðrikssyni, dagsett í Wynyard 1. september 1922, þar sem Friðrik biður Rögnvald, sem á heima í

Winnipeg, að koma umsókninni á framfæri og senda hana síðan beint til Halldórs í Danmörku. Í lok bréfsins biður hann Rögnvald að fyrirgefa „kvabb alt í samb. við Halldór Guðjónsson“. Hálfu ári síðar skrifar Friðrik aftur og biður Rögnvald, í bréfi, dagsettu í Wýnyard 28. febrúar 1923, að ómaka sig „ennþá einu sinni vegna mín og Halldórs Guðjónssonar frá Laxnesi. Hann hefir ennþá hug á að koma til Ameríku og það eina sem jeg get fyrir hann gert er að reyna að ná í þessa leyfispappíra fyrir hann.“ Biður hann Rögnvald að ganga úr skugga um hvort þeir eru fãanlegir. „Og helst sem fyrst.“¹⁰

Eins og ráða má af seinna bréfi Friðriks varð einhver bið á að leyfið fengist. Halldór hafði þá reyndar strax um vorið 1922 freistað landgöngu í Vesturheimi en verið snúið við í New York og gerður afturreka til Evrópu. Í bréfi til Einars Ólafs Sveinssonar, dagsettu í Hamborg á páskadag 1922, lýsir hann tildrögum ferðarinnar og kennir hana drottni: „Vill hann senda mig til Hollands og láta mig borga þar margt gyllina fyrir að stíga á skip til New York.“ Í sama bréfi segist hann vera að skrifa kvikmyndahandrit.¹¹ Í bréfi til Arnfinns Jónssonar, dagsettu í Innsbruck 23. desember 1921, talar hann um „dollarakallinn“ sinn vestur í Ameríku sem hafi sent sér peninga „til vesturfararkostnaðar“ en þeim hafi hann eytt í flakk um Evrópu.¹² Biður hann Arnfinn, sem er í Leipzig, að afla fyrir sig upplýsinga um vesturferðir og segist helst vilja komast til Montreal. Í *Grikklandsárinu* (1980) löngu síðar segir Halldór frá því að Daníel Halldórsson, uppeldisbróðir föður hans, hafi sumarið 1921 boðið

10 Bréfasafn Rögnvalds Péturssonar. Lbs 545 fol. Ég þakka Viðari Hreinssyni fyrir að benda mér á þessi gögn. John G. Christiansen (Jón Gunnlaugur Kristjánsson) var bóndi og hveitikaupmaður í Wýnyard, Saskachewan, elstur þrettán barna Kristjáns Kristjánssonar og Svanfríðar Jónsdóttur, sem fóru nýgift frá Langanesi til Vesturheims árið 1878. Þau komu fyrst til Nýja Íslands en fóru þaðan fótgangandi til Dakota snemma vors 1879 „og drógu með sér ungbarn sitt og eitthvert nesti, á litlum handsleða“ (429). Sjá Thorstina Jackson, *Saga Íslendinga í Norður-Dakota*, bls. 427–429. Ekki er vitað um skyldleika þessa fólks við Halldór Laxness.

11 Bréfasafn Einars Ólafs Sveinssonar. Lbs án safnmarks.

12 Vitnað til eftir handriti Stefáns Einarssonar að ævisögu Halldórs. Stefán byrjaði að vinna að ævisögu Halldórs haustið 1928 og átti hún að koma út í tilefni af þrítugsafmæli skáldsins árið 1932. Stefán lagði mikla vinnu í verkið og dró að ýmsar heimildir, m.a. úr sendibréfum Halldórs til fjölskyldu og vina. Þegar til kom leist Halldóri ekki á ævisöguna, fannst hún of persónuleg, og ekkert varð af útgáfu. Sjá bréfaskipti þeirra Halldórs og Stefáns frá 1928–1930, á Landsbókasafni.

sér að koma vestur um haf. Það var ekki aðeins að hann sendi farareyri, heldur fylgdi „fjárfúlga í dollaraávisunum“ (232).¹³ Fyrir þessa peninga hafi hann svo farið frá Hamborg til New York í maí 1922, en verið þá orðinn uppiskroppa og ekki náð að komast á fund velgerðarmanns síns í Vestur-Kanada og því kosið að snúa aftur til Evrópu með sama skipi. Síðan segir hann: „Aukin kynni af Evrópu áttu þátt sinn í því að Vesturheimur höfðaði ekki til mín um sinn [...] Þannig gleymdist mér Amrika um sinn og vinur föður míns hafði víst lítið annað en útlátin af elskusemi sinni við mig.“ (232–233)

Á leiðinni til baka skrifaði Halldór smásöguna „Júdítt Lvoff“ sem birtist í *Nokkrum sögum* 1923. Í formála útgáfunnar í *Þáttum* (1954) segir hann:

Júdítt Lvoff er samin um borð í s.s. Mount Clinton á leið til Hamborgar frá New York, á þeirri snubbóttu ferð sem ég gerði til Bandaríkjanna vorið sem ég varð tvítugur [...] Í þessari sögu sýnast mér skýrari mót nokkurra þeirra einkenna sem ekki hafa viljað yfirgefa mig síðan. (9)

Í „Júdítt Lvoff“ birtist greinilega sú togstreita milli Íslands og útlanda, eða þess að vera Íslendingur og heimsborgari, sem svo víða má sjá í verkum Halldórs, og tengjast oftast á einn eða annan hátt konum. Í þessari skrítnu sögu segir sögumaður, sem jafnframt er rithöfundur, frá ungri, rússneskri konu, trylltri og framandlegri, sem kemur til Íslands og tælir saklausan, borgfirskan bóndason, Sigurð Jónsson að nafni, þar sem hann stendur „í skinnsockkum og treyu, rjóður og ljós, og feldi störina“ (*Þættir*, 80). Þau trúlofast og hún fer burt en ætlar að koma aftur, eða hann til hennar, þegar hann væri orðinn ríkur. Mörgum árum síðar hittir sögumaður hana í New York, „í einu af hinum glæsilegu five o'clock teas við Times Square“ (84), þar sem hún, hlaðin skartgripum, kynnir hann fyrir eigimanni sínum, William Hardy, jun. „Það var magur, velgreiddur, skrælpur og gulltentur ameríkumaður með horn-gleraugu“ (85), alls óskyldur þeim „víkingi“ (80) sem beið hennar á

13 Daníel Halldórsson (1878–1963) frá Síðumúlaveggjum í Borgarfirði fór vestur um haf 1912 og stundaði einkum fiskveiðar. Hann var ókvæntur og barnlaus. Sjá *Vestur-Íslenskar æviskrár* II, bls. 91.

Íslandi með „hendurnar meiddar og þrútnar af erfiði“ (84). Hann trúir ekki öðru en hún komi aftur og bilast á geði. Ameríkumaðurinn reynist hins vegar vera kunnugur „ýmsum merkustu kvikmyndaleikurum Bandaríkjanna“ (87) og eiga sér „skemtibústað“ (87) í Los Angeles. Og hann býður sögumanni „ef ég tæki uppá að skrifa eitthvað fyrir filmur að koma því á framfæri fyrir mig í Los Angeles“ (87).

Í þessari sögu er Ísland fátækt og frumstætt, en ósvikið og heyrir upp-
runanum til. Útlönd eru yfirborðsleg, svikul og rík. Það er athyglisvert að sögumaðurinn, rithöfundurinn, gerist miðlari á milli þessara tveggja heima, er eins konar samnefnari sveitamanns og heimsborgara. Hann þýðir tvisvar orðsendingu á milli Júdítar og bóndasonarins, þ.e.a.s. ekki aðeins á milli hins erlenda og íslenska, heldur einnig á milli kynjanna. Aðeins rithöfundurinn kemst til Vesturheims, sveitamaðurinn situr eftir. Þannig má oft sjá í verkum Halldórs hugmyndina um rithöfundinn sem útlending, útflytjanda, eða jafnvel útlaga.

Og voru á leið heim

Í greininni „Þjóðerni“ sem birtist í *Heimskringlu* 31. október 1928 og ári síðar í *Alþýðubókinni* segir Halldór frá sjóferðinni frá New York til Hamborgar vorið 1922 á „seinskreiðu flutningaskipi með að eins einu farrými.“¹⁴ Hafi farþegarúm verið alskipað fólki, kynjuðu frá Evrópu, sem var á leið til gamla landsins í orlof. „Nokkrir voru á heimleið til áttthaganna alfarnir.“ (48) Þarna segist Halldór hafa orðið sjónarvottur að atviki sem hafi haft meiri áhrif á sig en nokkuð sem hann hafi heyrt sagt um þjóðerni fyrr eða síðar.

Samt ætla ég að biðja menn að fara nú ekki að halda, að ég ætli að fara að segja einhverja margbrotna og tilþrifamikla sögu. Nei; þetta voru aðeins gömul sveitahjón, ættuð úr Rínarlöndum; þau voru á leið heim. Mig minnir, að konan hafi verið mjög nærri níraðu, en bóndinn hafði fimm um átrætt. Þau höfðu flutt vestur fyrir fimmtíu árum síðan, þegar þau

14 Vitnað er til fyrstu útgáfu *Alþýðubókarinnar* (1929), bls. 48.

voru í blóma lífsins, og tóku land í námunda við Milwaukee. Ekki man ég með vissu hvort þau höfðu rutt þrjú lönd eða fjögur, en þau áttu níu börn á lífi, fjöru tíu barnabörn og kynstur af barnabarnabörnum, og var fólk þetta dreift út yfir öll Bandaríki, og sumt fengið heiðurspeninga fyrir góða framgöngu í stríðinu. (49)

Þegar gömlu hjónin voru orðin ein eftir á „farminum“ höfðu þau selt búið og tekið sig upp og voru á leið heim. Þau sitja á þiljum uppi í bjartviðrinu hvort við annars hlið án þess að gefa gaum að umhverfinu, og Halldór lýsir óbrotnum sparifatnaði þeirra. Gamla konan er í „svartri treyju og skósíðu pilsu, með snottran skýluklút bundinn yfir höfuðið,“ gamli maðurinn „í grárri skyrtu, með bláan klút um hálsinn, í sunnudagaskónum sínum,“ og tottar pípu. „Þau töluðust ekki við, en sátu þögul eins og einn maður, og þegar talað var við þau, svöruðu þau, eins og ein persóna.“ (50) Þau mæla ekki „á enska tungu, en lágþýzkan með sínum þekka, upprunalega keimi var þeim jafntöm á tungu eins og fyrir fimmtíu árum síðan, er þau yfirgáfu dali Rínar, enda voru þau nú á leið heim og ætluðu síðan ekki í langferðir meir.“ (49–50)

Eitt kvöld er gleðskapur í veitingasalnum og sungnir þýskir þjóðsöngvar. „Gömlu hjónin sátu á lengdar. Þeim stökk ekki bros, því síður, að þeim hryti tár af augum.“ (50) Þau hlusta af kurteisi og Halldór virðir þau fyrir sér, um leið og hann minnst íslensks spakmælis:

Út úr þessum falslausu andlitum upprunans sjálfs talaði það samræmi landslags og örlaga, sem er kölluð þjóð. Bandið milli mannsins og landsins, sem hann er vaxinn úr, einstaklingsins og stofnsins, sem hann stendur á, er sterkara en nokkur mannleg ástríða; – það er örlögin sjálf. Römm er sú taug, er rekka dregur föðurtúna til. Sem tákn þess eru mér svo minnstæð áhrif hinnar einföldu myndar af þessum tveim Þýzkurum, sem voru á leið heim. (50–51)

Vesturfaraminnið kemur fyrir í ýmsum tilbrigðum í verkum Halldórs allt frá fyrstu tíð. Í *Barni náttúrunnar* (1919), sem Halldór samdi á sautjándá ári og enn ósigldur, er önnur aðalpersónan vestur-íslenskur fasteignasali, Randver að nafni, sem hafði ungur að aldri flust af landi brott

með foreldrum sínum, en snýr nú aftur til Íslands þrjátíu árum síðar eftir að móðir hans er bæði dáin og grafin í Winnipeg. Randver er þreyttur á braskinu og ætlar að hefja nýtt líf með því að gerast bóndi á Íslandi. Þar hittir hann náttúrubarnið Huldu, unga og villta stúlku, sem á heima í fjöllum og klettum og syngur og spilar á gítar eigin ljóð og lög. Þau giftast og eftir nokkurt þóf af hennar hálfu tekst honum að temja hana og gera að bóndakonu á íslensku eyðibýli. Hér tengist vesturfaraminnið strax konunni og tungumálinu. Þegar Hulda verður um skeið fráhverf Randveri gerist hann fyllibytta, týnir niður íslenskunni og fer aftur að tala ensku!

Í skáldsögunni *Undir Helgahnúk*, sem Halldór skrifar á milli Vesturheimsferða sinna í klaustri í Luxemburg og kom út árið 1924, er sagt frá tveimur vinum, séra Kjartani sem gerist prestur á Íslandi, og Snjólfí sem giftist amerískri ekkju og flyst til Kanada. Tuttugu árum síðar snýr hann aftur til Íslands, ekkjumaður með tíu ára dóttur, eina barn hans af fjórum sem lifir, og ætlar að verða bóndi. Dóttirin Áslaug hefur engan að leika sér við nema prestssoninn Atla. Hún er fædd á kanadísku sléttunni og talar aðeins útlensku. Brúðurnar hennar, Mary, Betty og Elly, „vóru allar í silkikjólum, gátu opnað og lokað augunum eftir vild, og hreyft hendur og fætur.“ (143) Atli og vinur hans eiga „aftur á móti tvo stóra strigakarla sem vóru troðnir út með heyi og hétu Hróðmundur og Þorgnýr.“ (143) Áslaugu líður illa og ber saman ævi sína á Íslandi og í Kanada:

Því hún var fædd í fallegu landi, sem lá hinum megin á jörðinni, fjarska fallegu landi með háum skógum og breiðum ökrum, með stórum og voldugum borgum, járnbrautum og bifreiðum og rennsléttum, sólhvítum vegum. Og þar hafði hún átt svo margar litlar og fallegar vinstúlkur á aldur við sig sjálfa, á stuttum kjólum og með stuttklipt hár og með ber hnén eins og hún sjálf, kurteisar og vænar. Og allan daginn hafði hún leikið sér við þær og tínt með þeim blóm og talað við þær á sínu eigin máli [...] En nú var hún, litla stúlkan úr fallega landinu, komin hingað í þetta ljóta land, sem lá á öfugum stað á jörðinni, þar sem einginn skógur óx og varla nokkurt blóm [...] þar sem hún átti einga vinstúlku til að leika sér við og

allir töluðu framandi mál; þar sem allir voru ókurteisir, allir illa klæddir og ljótir og óhreinir og einginn maður glaður. (166-167)

Sveitastrákurinn Atli tekur aftur á móti eftir hve falleg hún er og hrein og í finum fötum, og hann gerir sér grein fyrir að það eru til önnur markmið í lífinu en verða bóndi á Íslandi.

Sagan er endaslepp og ætlaði Halldór sér að skrifa framhald hennar.¹⁵ Í bréfi til Jóns Helgasonar, dagsettu í Laxnesi 17. ágúst 1924, kemur fram að hann hefur hætt við það vegna áhuga á öðru söguefni. Hann segir: „En fyrir jól fer ég suður til Clervaux aftur til þess að skrifa meistaraverk mitt. Það er um Leif hepna (tískuskáldsaga þó!) og verður geisimikið rit [...].¹⁶ Ég hef gáanginn í þessari nýu sögu sundurrakinn í kollinum, og þjáist af að geta ekki farið að birja og setja í form.“ Tískuskáldsagan um Íslendinginn sem fann Ameríku varð heldur ekki að neinu og vorið 1925 fór Halldór til Sikileyjar að skrifa *Vefarann mikla frá Kasmír*.¹⁷

Vefarinn kom út í maí 1927. Með honum er Halldór búinn að afgreiða Evrópu og hyggur að nýju á vesturferð. Í bréfi til Jóns Helgasonar, dagsettu í Reykjavík 10. maí 1927, segist hann hafa hangið „hér síðan um nýr yfir prentun bókarinnar og geturðu því nærri, hvort ég er ekki orðinn leiður að hánaga þetta altaf á sama stað.“ En nú hafi hann lokið verkinu og eigi því ekki „frammar erindi í þessu landi. Óákveðið, hvert ég fer.“¹⁸ Að fara til Vesturheims er að fara eitthvað út í bláinn, án ákveðins áfangastaðar.

Í þetta sinn fer Halldór yfir hafið frá Glasgow til Montreal. „Sigli ég enn um Atlantshafið auða,“ segir hann í kvæðinu „Atlantshafið“ sem hann orti á leiðinni, og í öðru kvæði úr sömu sjóferð, „S.S. Montclare“,

15 Í formála fyrstu útgáfu sögunnar segir hann: „Sem einskonar framhald þessarar sögu er til í drögum önnur bók um Atla Kjartansson, eitthvað hálfu leingri en sú er hér birtist. Hvort nokkurntíma muni unnið úr þeim drögum er hinsvegar ekki víst, – að minsta kosti ekki á næstu 7 árum.“

16 Lbs 23 NF Bréfasafn Jóns Helgasonar. Svigasetningin „(tískuskáldsaga þó!)“ er skrifuð fyrir ofan línu og hefur Halldóri þótt ástæða til að bæta henni við til skýringar.

17 Leifur heppni er þó ekki alveg gleymdur, því að hann kemur upp í hugsunum Gvendar við lok *Sjálfstæðs fólks* þar sem hann er hættur við að fara til Ameríku og ber saman ástina „sem hann hafði öðlast, við Amríkuna sem hann hafði týnt. Leifur hepni hafði einnig týnt Amríku. Já ástin var betri.“ *Sjálfstætt fólk*, önnur útgáfa 1952, bls. 405.

18 Lbs 23 NF Bréfasafn Jóns Helgasonar.

yrkir hann um sjálfan sig sem verðandi heimsborgara þar sem hann blandar saman íslensku og ensku: „Atlantshafið ég einatt fór / einsog að drekka vatn. / Einn ég sat bakvið aðra menn / in the smoking room. /.../ Í útlandshöfum uni eg mér / við annarra þjóða fólk /.../ I'm the happiest Charleston man on board.“¹⁹

Frá Montreal fer hann með lest til Winnipeg og minnir frásögn hans af ferðinni á upphaf smásögunnar „Vonir“ eftir Einar H. Kvaran, en þar horfir Ólafur óþreyjufullur út um lestargluggann á landið fyrir utan og endalaus sléttuna: „Áfram, áfram! Áfram móti gustinum, sólþrungnum, glóðheitum, sem andar á innflytjandann, ef hann stingur höfðinu út úr vagnglugganum. Áfram yfir sléttuna, ómælilega, endalaus [...] Áfram til undralandsins, fyrirheitna landsins, landsins, þar sem vinir og landar bíða eftir manni [...] landsins, sem embættismennirnir heima sögðu, að væri helvíti, og útflutninga-agentarnir sögðu að væri paradís! Áfram, áfram!“²⁰ Um ferð sína segir Halldór:

Þegar ég hafði ferðast á hraðlest í fimm dægur frá einni af hafnarborgum Atlantshafsstrandar gegn um unglegar borgir, yfir víða akra, búsældarleg beitolönd, dægurlanga eyðiskóga, gróðurlítill fjallendi, yfir sléttur, sem virtust endalausar eða með fram vötnum, sem líktust hafsjóm, þá bar mig loks að einni af hinum þektari sléttuborgum kanadisku vesturfylkjanna. Sem Evrópumaður hafði ég ekki fyrr verið öllu fjær menningarátthögum mínum en á þessari ferð; sem Íslendingur fanst mér, að ég væri kominn á aðra stjörnu og ekkert framar í háttum lands né þjóðar, sem tengdi mig móðurjörðinni.²¹

Ólíkt Ólafi í „Vonum“ er tekið vel á móti Halldóri þegar hann kemur til Winnipeg og honum „strax útvegað herbergi hjá móður Láru Salverson rithöfundar“.²² Halldór dvelst í Manitoba í rúma fjóra mánuði og er

19 *Kvæðakver* (1930). Vitnað er til annarrar útgáfu (1949), bls. 45–47. Sjá einnig eftirmála þeirrar útgáfu, bls. 143.

20 Einar H. Kvaran samdi „Vonir“ í Winnipeg 1888 og birtist sagan í *Vestan hafs og austan* 1902. Hér er vitnað til annarrar útgáfu (1908), bls. 3.

21 Halldór Kiljan Laxness, „Þjóðerni“, *Alþýðubókin*, bls. 56–57. Greinin birtist fyrst í *Heimskringlu* 31. október 1928.

22 Sbr. bréf Halldórs til Erlends Guðmundssonar, dagsett í Winnipeg 14. júní 1927. Lbs 5 NF. Bréfasafn Erlends Guðmundssonar.

mikið með hann látið. Bæði vestur-íslensku blöðin birta við hann löng viðtöl um verk hans og framtíðaráætlanir, *Heimskringla* 24. ágúst 1927 og *Lögberg* 25. ágúst. Hann les upp úr verkum sínum á samkomum og á Íslendingadeginum 1. ágúst flytur hann ræðu fyrir minni unga fólksins að Hnausum.²³ Í blöðunum birtast jafnt og þétt af honum fréttir og nýsamin verk, þar á meðal smásagan „Nýja Ísland“ í *Heimskringlu* 19. október 1927.²⁴ Halldór yrkir tiltölulega mikið af ljóðum á Ameríkuárum sínum, m.a. „Kveðið í Winnipeg“, sem birtist í *Heimskringlu* 17. ágúst 1927, en fær síðar nafnið „Frá Winnipeg“ og Halldór kallar „ættjarðarkvæði“.²⁵

Það var Vestur-Íslendingur

Kvöldið eftir að Halldór stígur úr lestinni í Winnipeg er honum boðið í íslenskt gullbrúðkaup í samkvæmissal íslensku kirkjunnar, og frá því segir hann í beinu framhaldi af lestarferðinni:

Í þessari ensku sléttuborg inni í miðju meginlandi Norður-Ameríku var ég alt í einu staddur í umhverfi, þar sem íslenskt mál var talað með sveitahreimi að heiman [...] ég var hér alt í einu Íslendingur meðal Íslendinga. (57)

Þarna hrífst hann af söng íslenskrar söngkonu frá Winnipeg, frú Hall, sem söng „Tárið“ eftir Kristján Jónsson, og segist hann ekki gleyma því að hafa heyrt það sungið „innan um gamla landnema, – fólk, sem í vonleysi níttjándu aldarinnar hafði flúið land sitt með tárur og flutt búferlum yfir hálfan hnöttinn á hinar sögulausu hirðingjaslóðir Norður-Ameríku.“ (58) Hafi flutningur frú Hall á kvæðinu tjáð sér „svo innilega allan kjarna þeirrar reynslu, sem hið vegvilta íslenska þjóðarbrot hefir mætt í hinum miskunnarlausu eyðilendum hins nýja heims“ (58) og um þetta hafi hann ritað smásöguna „Nýja Ísland“.²⁶

23 Ræða Halldórs að Hnausum, „Frá arninum út í samfélagið“, birtist í báðum vestur-íslensku blöðunum, *Lögbergi* 25. ágúst 1927 og *Heimskringlu* 31. ágúst sama ár. Halldór sendi hana einnig *Alþýðublaðinu* og þar birtist hún 1., 2. og 3. september. Hún er einnig prentuð í *Af menningarástandi* (1986).

24 Sagan birtist næst í tímaritinu *Iðunni* 4/1930. Síðan í *Fótatki manna* (1933) og *Dáttum* (1954). Í fyrstu prentun, í *Heimskringlu*, hafði hún undirtítilinn „Samþjóðleg öreigasaga“. Er honum sleppt í síðari prentunum.

25 Sjá *Kvæðakver* (1949), bls. 144. Gagnleg skrá yfir verk Halldórs 1916–1939 er í riti Árna Sigurjónssonar, *Laxness og þjóðlífið*, bls. 167–193.

26 Sigríður Hall (Sigríður Jónsdóttir Hörðal, 1881–1954) fæddist á Íslandi en fluttist á sjöunda

Í bréfi til Erlends frá Winnipeg 2. júlí 1927 segist Halldór hafa skrifað „118 ljóðlínur og 1/2 smásögu“ sem hann hafi byrjað á í fyrradag. „Oft geing ég út á sléttuna og spekulera í henni. Hún verkar þægilegar á mig en flest land annað, sem ég hef séð. Hún á mörg blæbrigði sem tala til manna eins og mín.“²⁷ Í bréfi til Erlends frá Gimli, hálfum mánuði síðar, eða 17. júlí, segist hann senda honum „smásögu sem heitir ‘Stúlkan o.s.frv.’“ og vera að undirbúa aðra „sem heitir Nýja Ísland og er um tík“.²⁸ Einnig segist hann „ætla að læra á bíl af einum stráknum“.

Í bréfi til Erlends frá Gimli, 20. júlí, segir Halldór frá ferðalagi um Nýja Ísland daginn áður. Hann lýsir landslaginu og fléttar það sögunni sem hann er að skrifa:

Stóð leingi á brúnni yfir Íslendingafljót í Riverton og hugsaði um hina erfiðu æfi Íslendinga í þessu landi, alt um það í sögunni Nýja Ísland. Canada má heita óbyggt land. Maður ekur hér yfir stór flæmi, sem er á víxl kjarrskógur, stórskógur eða eingjar með mjaðmarháu grasi, sem lifir og deyr. Það er fagurt og undarlegt að sjá alt þetta í sólskininu. Himinninn hér er skínandi blár og sólskinið verður næstum gullið á safaríku eingjagrasinu og þessum kjarrskógum sem standa í bússnum runnum með þúng laufin af vatni. Þetta er eitt hið fegursta sem ég hef séð og canadiskur sumardagur er alveg dæmalaust undur.²⁹

Í sama bréfi ræðir Halldór framtíðaráætlanir sínar á sviði „filmunnar“. Segir hann að allar fyrri sögur sínar séu „meira eða minna kvikmyndar-“

ári vestur um haf. Hún giftist Steingrími Hall, tónskáldi og organista, og var þekkt söngkona. Í *Sögu Íslendinga í Norður-Dakota* segir Thorstina Jackson að kennari Sigríðar hafi hrósað „mikið söngródd hennar og skilningi á því, að vefja sig með lífi og sál inn í efni þess, sem hún syngur.“ Þá hafi hún gert talsvert af því að syngja íslenska söngva meðal innlends fólks og fengið mikið hrós. Bls. 120–121. Sjá einnig *Dalamenn III*, bls. 439.

27 Lbs 5 NF. Bréfasafn Erlends Guðmundssonar.

28 Lbs 5 NF. Bréfasafn Erlends Guðmundssonar. Sagan „Stúlkan o.s.frv.“ mun sú sama og birtist undir nafninu „Tvær stúlkur“ í *Fótataki manna* (1933). Um þá sögu segir Halldór í *Þáttum* (1954): „Á öðrum [þriðja] tugi aldarinnar fór ég tvisvar til Ameríku. Þátturinn minnir mig sé ritaður 1927; geymir svipmyndir úr báðum þessum ferðum.“ (91) Sagan segir frá tveimur ólíkum stúlkum sem sögumaður kynnist á 12 daga siglingu frá Hamborg til Kanada vorið 1922. Önnur er með drengjakoll, miskunnarlaus og köld, hin er á leið til Toronto að hitta kærastann sinn sem hafði sent henni farareyri og hún notar hvert tækifæri til að svíkja. „Ég vildi ekki vera pilturinn yðar fyrir vestan, sagði ég.“ (186)

29 Lbs 5 NF. Bréfasafn Erlends Guðmundssonar.

legar“ og liggi ekkert opnara fyrir sér „en að sjá myndir og draga upp myndir, m.ö.o. kvikmyndir.“ Er hann staðráðinn í að vinna „stórvirki með kvikmyndaflokk“ á sama hátt og hann hefur áður „unnið stórvirki með pennisum“. Galdurinn sé „að finna þá réttu leið að réttum mönnum og – komast á vettváng.“ Strax og hann komi „vestur þáangað“ fari hann „á fund filmleikaranna“.

Í „Ameríkubrjefi“ frá 3. apríl 1928 segist hann hafa skrifað fyrstu blaðsíðuna að „Nýja Íslandi“ í vasabók sína þar sem hann stóð á gömlu brúnni yfir Íslendingafljót hjá Riverton og rifjaði upp fyrir sér „ýmsar tárugar sögur, sem jeg hafði heyrt um menn, er höfðu slitið sig með rótum upp úr þúsund ára gamalli menningu til þess að skifta á gamalli sultarbaráttu fyrir nýja sultarbaráttu.“³⁰ Hann leggur áherslu á að sagan lýsi sammannlegri reynslu og segir að hún sé í raun ekki eftir sig, heldur eftir átræðan landnema sem hann hafi talað við í fjóra klukkutíma eitt kvöld í tungsljósi úti á svölunum hjá læknum í Árborg. „Hann sagði mér þar sögur, sem fyllt gátu heilar bækur.“

Í formála að annarri útgáfu sögunnar í *Dáttum* (1954) fjallar hann enn um tildrög hennar og segir:

Eitt septemberkvöld var ég staddur hjá vinfólki mínu þar sem heitir í Árborg, Sveini lækni Björnssyni og Maríu, og sit á útidyrpallinum að skrafla við einhverja aðvífandi menn eftir að dimt var orðið. Smámsaman eru gestirnir á burt af pallinum, nema ég og annar maður, sem ekki hafði lagt orð í belg meðan við vorum þar fleiri; hann var aldrei eftir röddinni að dæma. Ég vissi aldrei hvað hann hét né hvaðan hann var, sá hann ekki heldur sakir myrkurs, og hef ekki hitt hann síðan, – aldrei vitað hver hann var. Ég hef kannski rætt einsog eina stund við þennan ókunna mann þarna í myrkrinu, og hann sagði mér þessa sögu úr Nýja Íslandi. Ég skrifaði hana upp daginn eftir. (92)³¹

30 „Ameríkubrjef“ skrifaði Halldór í San Francisco 3. apríl 1928 og birtist það í *Morgunblaðinu* 16. desember sama ár.

31 Peter Hallberg ræðir þessa frásögn í *Húsi skáldsins* I, og vitnar um hana til eftirfarandi umsagnar Sveins Björnssonar um dvöl Halldórs í Kanada 1927: „Og það vildi svo til, þegar hann var hjá okkur í Árborg, að í næsta húsi bjó gamall maður, sem verið hafði bæði bóndi og fiskimaður í Nýja Íslandi á fyrstu árum nýlendunnar. Náði Halldór í þenna mann, og sat með honum lengi dags úti á svölum hússins okkar, og ýmist spurði eða hlýddi á frásögnina. Um kvöldið og næstu nótt mun Halldór svo hafa þurft að skrifa nokkuð, því söguna samdi hann þá og notaði á samkomum sínum í N.Í.“ (44)

Kveikjan að „Nýja Íslandi“ mun þó vera vísur sem gengu manna á milli um slagsmál tveggja landnema út af tík. Umgjörð vísanna er sú að Íslendingar eru ásamt indíánunum á netaveiðum á Winnipegvatni, þar á meðal Elli (Erlendur Erlendsson) og Mundi (Sigurmundur Sigurðsson), og hafa þeir bækistöð í kofa í eigu Munda. Þegar hvolpafull flækings-tík leitar þar skjóls sér Elli aumur á henni og hleypir henni inn. Mundi segir að kofinn sé fyrir menn og ekki hunda og hendir tókinni út, en Elli hleypir henni inn aftur. Úr þessu verða slagsmál sem enda með því að Elli fellir Munda. Tíkin fær að vera og gýtur í kofanum um nóttina. Um þetta voru svo ortar eftirfarandi vísur:

Aldrei heyrðust undur slík,
allur heimur stundi,
óðu saman út af tík,
Erlendur og Mundi.

Glumdu svellin sárköld við,
svo varð Elli reiður,
kundur mellu missti grið,
Mundi féll á rassgatið.³²

„Nýja Ísland“ segir frá landnámi Torfa Torfasonar sem kveður ættjörð sína og skepnur og fer með konu og fjögur börn til Kanada. Hann reisir bjálkakofa „á bala í fenjunum kríngum Íslendingafljót, skamt frá þar sem nú heitir Riverton á Nýja Íslandi.“ (201)³³ Allt sumarið stendur hann „upp í klyftir í leðju við skurðgröft“ (201), og hann missir tvö af fjórum

32 Vísurnar skrifaði ég niður eftir Pálma Pálsson á búgarði hans í Grenihlíð, nálægt Árborg, 5. október 1998, og sagði hann mér einnig tildrög þeirra. Ekki er vitað til þess að þær hafi áður birst á prenti. Heimir Pálsson skrifaði þessar vísur niður eftir Gunnari Sæmundssyni á Breiðabliki (næsta bæ við Grenihlíð) sumarið 1979, og eru þær næstum samhljóða. Eini munurinn er sá að í upphafi fyrri vísunnar eru „átök slík“ í stað „undur slík“. Ég hef ekki skrifað hjá mér neitt um höfund vísanna, en Heimir hefur það eftir Gunnari að þær séu eftir Baldvin Halldórsson, afa Margrétar, konu Gunnars. Ég þakka Heimi fyrir þessar upplýsingar og einnig fyrir að lána mér drög að óprentaðri grein um „Nýja Ísland“ þar sem hann m.a. segir frá vísunum.

33 Vitnað er til útgáfu sögunnar í *Þáttum* (1954).

börnum sínum úr pest. Um haustið eignast konan „nýtt barn, sem fylti bjálkakofann af ferskum gráti. Það var vesturíslendingur.“ (202) Vestur-Íslendingurinn nýtur ekki lengi foreldra sinna, því að þau fara burt til að afla lífsviðurværis og skilja börnin ein eftir í kofanum. Faðirinn fer í norður til fiskveiða í vatninu, en móðirin í þvottavinnu til Winnipeg ásamt öðrum íslenskum konum. Þær fara „fótgángandi um fenta skóga, hjarnlögð eingi, röskar þrjár dagleiðir. Þær bundu dótið sitt uppá sleða. Hver um sig dró sinn sleða. Þetta var kallað að fara í þvottavinnu til Winnipeg.“ (204) Í sögunni er lögð áhersla á depurð barnanna og grát nýfædda barnsins. Eldri systirin, á fjórtánda ári, syngur við það vögguvísu um kúna Búkollu og mömmuna sem er farin.³⁴ „En dreingurinn heldur áfram að gráta.“ (205) Sjónarhornið fylgir síðan Torfa. Hann gengur um ónumið land, mílu eftir mílu, og „er að hugsa um ærnar sínar og kýrnar sínar og hestana sína og alt sem hann hefur mist“. (205) Hann fiskar í vatninu og hefst við í kofa ásamt fiskaranum, húsbónda sínum. Við þennan mann lendir hann í ryskingum út af nýgotinni tík og tekst að kasta honum út. En ólíkt vísunum sem frásögnin byggir á sigrar enginn í þessari viðureign. Torfi ranglar út úr kofanum, „snögglæddur einsog hann stóð, ránglaði útá hjarnið, stefndi til skógar“. (208) Hann hugsar aftur um það sem hann hefur misst, kindurnar sínar, hestana og kýrnar, og börnin „sem guð almáttugur hafði tekið til sín uppí þennan stóra erlenda himin sem hvelfist yfir Nýja Ísland og er eitthvað alt annað en himinninn heima“ (209).

Líta má á „Nýja Ísland“ sem tilbrigði við „Vonir“ eftir Einar H. Kvaran, og báðar enda sögurnar eins, á niðurbroti karlmansins og gráti.³⁵ Í sögu Einars gengur Ólafur eftir svik unnustunnar út á sléttuna, horfir til himins og hugsar um það sem hann hefur misst:

Og þá fleygði hann sér niður á sléttuna og grét, grét eins og barn; fyrst með hörðum hviðum og háum sogum, og svo stillilega, lágt og léttlega. Það var ekki karlmannlegt, en hann þurfti ekki að skammast sín. Það heyrði það

34 Kvæðið var síðan prentað í annarri útgáfu *Kvæðakvers* (1949) og heitir þar „Barnagæla frá Nýja Íslandi“.

35 Heimir Pálsson bendir einnig á þessa hliðstæðu. Sjá neðanmálgrein 32.

enginn nema sléttan – sléttan [...] Sléttan ómælilega, endalaus, sem er full af friði og minnir á hvíldina eilífu. (46–47)

Í sögu Halldórs gengur Torfi Torfason út á sömu sléttu:

Og hann kastaði sér niðrá hjarnið milli trjána og grét beisklega í næturfrostinu – þessi stóri sterki maður, sem farið hafði alla leið frá Gamla Íslandi til Nýja Íslands – þessi öreigi sem hafði fært börn sín að fórn voninni um miklu ágætari framtíð, fullkomnara líf. Tár hans féllu niðrá ísinn. (209)

Í „Nýja Íslandi“ má einnig sjá tengsl við kvæði Guðmundar Friðjónssonar á Sandi, „Bréf til vinar míns“, sem sagt er að hann hafi ort til Baldvins Þorgrímssonar, bónda á Bergstöðum í Þingeyjarsýslu, þegar hann hugðist fara vestur.³⁶ Í kvæðinu er erindi sem á sér beina samsvörun í endurteknum hugsunum Torfa um kindurnar, hestana, kýrnar og börnin, um það sem hann hefur kastað frá sér og glatað:

Ætlarðu að fara út í bláinn?
yfirgefa litla bæinn?
eigum þínum út á glæinn
öllum kasta og fram á sjáinn?
Ætlarðu að glata ánum þínum?
afbragðs-hesti, tryggum vini?
þínu góða kúakyni?
kasta í enskinn börnum þínum?

Í ævisögu Guðmundar segir Þóroddur Guðmundsson að kvæðið hafi verið lesið upp á samkomu í Aðaldal og þegar komið hafi verið að hend-ingunum „Ætlarðu að glata ánum þínum / afbragðs hesti, tryggum vini / þínu góða kúakyni“ hafi Benedikt frá Auðnum ekki getað orða bund-ist og sagt: „Mikið andskoti er þetta gott!“³⁷ Þá segir sagan að vegna kvæðisins hafi Baldvin hætt við vesturför.³⁸ Kvæðið hefur einnig haft áhrif á Halldór Laxness sem samdi ekki aðeins við það söguna „Nýja Ísland“, heldur minnst þess einnig í sambandi við vesturferð Jóhanns

36 Guðmundur Friðjónsson, *Úr heimahögum* (1902), bls. 243–244.

37 Þóroddur Guðmundsson, *Guðmundur Friðjónsson*, bls. 127.

38 Sama, bls. 219.

Magnúasar Bjarnasonar í *Í túninu heima* (188–189) og vísar þar orðrétt í sömu hendingar og hrifu mest Benedikt frá Auðnum.

Landneminn mikli

Í september 1927 ferðaðist Halldór um Íslendingabyggðir í Manitoba og las úr verkum sínum, m.a. söguna „Nýja Ísland“ sem af samtímaheimildum að dæma hefur verið vel tekið. Í *Heimskringlu* 7. september 1927 birtist grein eftir B.B. Olson þar sem hann segir frá upplstri Halldórs á Gimli. „Halldór Kiljan Laxness, rithöfundur og skáld, hélt hér sína fyrstu samkomu, eins og áður var auglýst í blöðunum, 1. september.“ Hann segir frá því að veðrið hafi ekki verið hið æskilegasta því að rignt hafi „seinnihluta dagsins og brautir því blautar yfirferðar.“ Ennfremur hafi verið samkoma og dans kvöldið áður „svo nú var unga fólkíð eigi sólgíð í dans þetta kvöld og hélt sig því utan við.“ En það sem kom „var fullorðið fólk, sem langaði að heyra og sjá þenna unga og upprennandi íslenzka listamann.“ Samkoman hófst með ávarpi séra Sigurðar Ólafssonar um þá íslensku afburðamenn sem væru að rísa upp hjá heimaþjóðinni og hefðu tekið upp þann fræga fornaldarsíð „að fara í víking“ og náð viðurkenningu hjá ýmsum þjóðum á sviðum listarinnar. Einn af þessum ungu íslensku víkingum væri nú kominn til Gimli. „Þá kom fram á pallinn herra Halldór Kiljan Laxness,“ og var honum fagnað með lófaklappi. „Hann er einn af þessum íslenzku ungu mönnum, sem vér Vesturheims ‘landar’ getum sagt vorum hérlandu meðbræðrum, að sé ‘One of the fair haired Sons of the North’.“ Lýsir greinarhöfundur djarfmannlegri en alúðlegri framgöngu hans og einnig lestri: „röddin þýð; málhreimurinn skýr og aðlaðandi. Hann les vel, hægt og greinilega, með viðeigandi áherzlum og látbragði. Ekki með neinum ógeðslegum auglýsingafettum og brettum, sem vér allt of mikið eigum að venjast hjá sumum.“ Fyrst las Halldór tvo kafla úr *Vefaranum mikla frá Kasmír*, „en sá kafli er hann las síðast, var saga, skrifuð hér á Gimli í sumar, og er efnið tekið úr frumbyggjalífinu hér í Nýja Íslandi.“ Segir B.B. Olson að sagan sé „óefað listaverk; lýsingar á persónum frumlegar og skýrar, og smjúga hug manns eins og leiftur ljósvakann, sumar fagrar, aðrar ljótar.“

Sumum muni „finnst sagan ‘ekki fara vel’, eins og þeir hefðu vonast eftir að skáldið myndi nota tækifærið til, þegar hann var að heimsækja nýlendufolk, þar sem allir vilja fá að heyra lof um sig sjálfa, í sögum og ljóðum.“ Segist hann hafa farið heim „hrifinn, glaður og ánægður“.³⁹

Í sama blaði *Heimskringlu* er frétt um upplestur Halldórs í Winnipeg kvöldið áður þar sem Árbyrgingum og Lundarbúum er bent á að sitja ekki af sér framsögn hans. „Hér í Winnipeg var framsögnin í gærkvöldi vel sótt, og voru allir á einu máli um það [...] að þeir hefðu af engri skemtun sömu tegundar verið hjartanlegar snortnir.“⁴⁰ Er lestrinum lýst nánar í greininni „Vel varið kvöldstund“ eftir Sig. Júl. Jóhannesson, sem birtist á forsíðu sama blaðs. Um Halldór er þar sagt að hér sé „um engan meðalman að ræða,“ hann sé látlaus og blátt áfram, en það sem hann flytji sé „þrungið af djúpum hugsunum, glöggum athugunum og brennandi samúð með öllu sem líf og tilfinningar hefir.“ „Söguna frá Nýja Íslandi mun flesta fýsa að heyra,“ segir hann og rekur efni hennar ýtarlega. Að lokum segir hann að þeir Íslendingar hafi farið „mikils á mis sem ekki notuðu sér þessa kvöldstund til þess að hlusta á skáldið“.⁴¹

Hér kemur ekkert fram um þær fjandsamlegu viðtökur sem Halldór minnst síðar.⁴² Í „Ameríkubrjefi“ sem hann skrifaði í San Francisco 3. apríl 1928 og birtist í *Morgunblaðinu* 16. desember sama ár segist hann eiga „ljúfustu endurminningar“ um þá menn sem hann kynntist í Kanada. „Allir Kanada-Íslendingar, sem nokkur veigur er í, eru fyrst og fremst góðir Íslendingar.“ Undartekningarlaust hafi sér verið mætavel tekið af Íslendingum í Kanada sem hafi opnað fyrir sér dyr sínar af fádæma gestrisni og hann muni aldrei verða maður til að fullþakka. „Ýmsir smáskrítnir atburðir komu þó fyrir,“ viðurkennir hann og segir „tvær af þessum skrítlum“. Báðar eru um viðtökur „Nýja Íslands“. Þegar Halldór hafði lesið söguna upp í Riverton og flestir voru farnir

39 B.B. Olson, „Halldór Kiljan Laxness,“ bls. 5. Greinin er dagsett á Gimli, 2. september 1927.

40 Sbr. fréttadálkinn „Fjar og nær,“ bls. 5.

41 Sig. Júl. Jóhannesson, „Vel varið kvöldstund,“ bls. 1.

42 Sjá einnig Gísli Sigurðsson, „Halldór K. Laxness in Manitoba,“ *Lögberg* 8. apríl 1988, og „Halldór Kiljan Laxness í Manitoba,“ *Djóðviljinn* 17. apríl 1988.

hafi krambúðareigandinn í plássinu hlaupið upp á pallinn, „kaftrjóður af geðshræringu eins og ungmær“ og haldið ræðu um þennan heiðingja sem vogi sér að tala um fátækt í Kanada. Í bréfinu skopstælir Halldór ræðuna sem hann leggur krambúðareigandanum í munn. Nokkru síðar las Halldór upp í Árborg, og stóð þar einnig upp maður og flutti ræðu, sem Halldór síðan einnig skopstælir í bréfinu. Heldur ræðumaður því fram að Halldór hafi engan rétt til að skrifa sögu um Nýja Ísland. „Svona ungir piltar, sem koma heiman frá Íslandi, hafa engan rjett til þess að skrifa um Nýja Ísland. Til þess að skrifa um Nýja Ísland, þarf maður að hafa dvalið þar í fjörutíu ár eins og jeg. – Jeg hefi rjett til þess að skrifa um Nýja Ísland! – Jeg veit hvernig á að skrifa um það!“ Og hann skorar á „þennan veslings pilt (H.K.L.) í Guðs bænum að gera sjer það ekki til skammar að láta það sjást á prenti, sem hann hefir verið að lesa hjer í kvöld um Nýja-Ísland.“ Segist Halldór hafa haft mikið gaman að þessu, og hafi það verið sitt fyrsta verk þegar hann kom aftur til Winnipeg að láta *Heimskringlu* prenta söguna. En hann bætir við: „Annars skal jeg ekki draga dul á það, að næst Svarta dauða tel jeg engan sorgleik grátlegri í sögu íslensku þjóðarinnar en vesturflutningana á síðasta fjórðungi 19. aldar. Sá er munurinn, að þeir, sem dóu úr Svarta dauða, fóru til Himnaríkis, en hinir, sem vestur fluttu, hurfu inn í breska heimsveldið eða humbugs-menningu Bandaríkjanna.“⁴³

Áratugum síðar hafa þessar „skrítlur“ fengið aðra merkingu. Þegar Halldór hefur lýst tildrögum „Nýja Íslands“ í *Þáttum* segist hann hafa lesið söguna upp „í smákaupstað þarna í héraðinu“. Hafi þá staðið upp „kanadiskur sjóvínisti (þjóðrembumaður) íslenzkur að ætt“ og krafist þess „að ég hætti að lesa upp söguna af því hún væri níð um Canada.“ (92) Síðan segir hann að áheyrendur hafi haft aðrar skoðanir á málinu, þeirra á meðal vinur sinn Guttormur skáld Guttormsson, og fengið því til leiðar komið að hann læsi söguna til enda. Í „Inngangsorðum að Syrpu“ segir Halldór enn frá tildrögum „Nýja Íslands“ og gamla mannum á dyrapallinum, en bætir því við fyrri frásögn að yfirleitt hafi menn verið stírðir í svörum þegar hann spurði þá um liðna daga úr nýlend-

43 Halldór Kiljan Laxness, „Ameríkubrjef“, *Morgunblaðið* 16. desember 1928, bls. 16.

unni, og hafi mörgum nýlendubændum íslenskum þótt „lítil þörf á því að rifja upp fátækt sína algjöra á fyrstu árum búsetu sinnar í fyrirheitna landinu“.⁴⁴ Hann segir ennfremur frá því að hann hafi aldrei getað haft uppi á gamla manninum sem sagði honum söguna og það hafi verið eins og enginn kannaðist við hann. „Margir héldu síðar að ég hefði logið upp sögunni til að narrast að vesturíslendingum. Þegar ég reyndi að lesa hana upp í íslendingabygðum var bæði reynt að æpa mig niður og toga mig ofanaf pallinum.“ (78) Skýringuna á þessum breyttu viðhorfum Halldórs er ef til vill að finna í frásögn hans í *Skáldatíma* (1963) þar sem hann setur „Nýja Ísland“ í samband við kærú Vestur-Íslendinga að nafni G.T. Athelstan á hendur honum í Kaliforníu vorið 1929. Þessi maður sem „var ekki einu sinni bandaríkjamaður“ heldur „meindýraeyðir að atvinnu“ (82) kærði Halldór fyrir innflytjendayfirvöldum í Los Angeles vegna lofsamlegra ummæla um bandaríska rithöfundinn Upton Sinclair, m.a. í afmælisgrein um hann í *Heimskringlu* 30. janúar 1929, en þau taldi hann níð um Bandaríkin.⁴⁵ Halldór var kallaður fyrir rétt og sviptur vegabréfi sínu um stund. Í *Skáldatíma* telur Halldór að þessi íslenski Kanadamaður hafi í raun verið að kæra sig fyrir söguna „Nýja Ísland“, og segir:

Þegar ég las upp söguna Nýja Ísland, nýsamda, í því bygðarlagi sem hún gerist, sveitaþorpinu Riverton, var þar staddur matvörukaupmaður staðarins veldrukkinn, mikill djíngóisti sem oft hendir matvörukaupmenn í sveit. Hann varð svo æstur útaf sögunni að menn urðu að halda honum meðan á stóð lestrinum svo hann færi ekki uppí ræðustólinn til að berja þetta föla og reinglulega skáldmenni úr annarri sveit sem komið var að bera út fólk í hans sveit. Eitt var víst að íslenskir manítóbainnflytjendur snerust öndverðir á móti mér, með nokkrum lofsverðum undantekningum, útaf þessari lítilfjörlegu sögu Nýja Íslandi. Sumum þessara kalla var óljóst hverrar þjóðar þeir sjálfir voru, vissu ekki almennilega hvort

44 Halldór Laxness, „Inngangsorð að Syrpu,“ *Seisejú, mikil ósköp* (1977), bls. 77.

45 Grein Halldórs, „Upton Sinclair fimtugur,“ birtist fyrst í *Alþýðublaðinu* 27. desember 1928 og síðar í *Heimskringlu* 30. janúar 1929. Í kjölfar hennar fylgdu hatrammar ritdeilur í vestur-íslensku blöðunum. Sjá Halldór Kiljan Laxness, „Af vestur-íslenzku menningarástandi,“ *Alþýðublaðið* 29. júní, 2. og 6. júlí 1929. Endurpr. í *Af menningarástandi*. Sjá einnig *Skáldatíma*, bls. 79 o.áfr.

þeir voru enskir eða bandarískir. Nýja Ísland ergði þá mest af því að þar var þeim lýst sem fátækum íslenskum landnámsmönnum.⁴⁶

Meðan Halldór dvaldist í Manitoba lést vestur-íslenska skáldið Stephan G. Stephansson. Var Halldór beðinn að skrifa um hann eftirmæli í íslensku blöðin, og birtust þau í þeim báðum 7. september 1927, undir nafninu „Landneminn mikli“.⁴⁷ Halldór leggur einkum áherslu á tvennt í ævi og starfi Stephans, þjóðerniskennd hans og baráttu gegn auðvaldi og kúgun. Þetta tengir hann hvort tveggja tungumálinu og skáldskapnum: „þá mun hans minnzt hvar sem íslenzk tunga er skilin, sem eins þeirra, er mesta sýndu lífsgnótt og hetjuskap í trú sinni á málstað kotungsins, öreiga og afhraks, hatri sínu á misbeiting valdsins.“ (24) Rauði þráðurinn í öllum ljóðum hans er Íslendingurinn:

Ljóð hans marka feril þjóðar hans í nýju landi, þangað sem hún hefir flutzt í voninni um langærri sigra og glæsilegri, fjalla um leit hennar að fótfestu í nýju umhverfi, um endurnýjaða baráttu hennar fyrir endurnýjuðum kröfum sínum í nýjum heimi. Þannig er Stephan G. ímynd framsóknarinnar í fari Vestur-Íslendingansins sem hingað er kominn með þeim ásetningi að sigra erfíðleika og andspyrnu, duga eða drepast. Hann er þúsundæ reynsla íslenzku þjóðarinnar, talandi í nýju landi [...] ímynd kjarnans í vestur-íslenzku sálinni. (25–26)

Í „Nýja Íslandi“ og eftirmælunum um Stephan G. teflir Halldór saman tveimur ólíkum landnemum. Torfi Torfason er íslenski sveitamaðurinn,

46 Halldór Laxness, *Skáldatími* (1963), bls. 82–83. Sumarið eftir að Halldór kom heim frá Ameríku las hann upp úr verkum sínum í Gamla bíó, m.a. söguna „Nýja Ísland“. Aftan á eintak sitt af dagskránni (sem varðveist hefur rifrildi af) hefur hann hripað upp kynningu á sögunni: Þar segir: „Á þessi samkomu, sem er helguð trúnni á landið, þá virðist ekki úr vegi, að bregða sér lítið eitt aftur í tímann, um svona fimtú ár, til þess að minnast til samanburðar við það, sem nú gerist með þjóðinni, á tímann, áður en menn fóru að trúa á landið. Ég ætla því að leyfa mér að lesa yður hér stutta smásögu að minnast þeirra sorgartíma meðan stjórnin í landinu og þjóðernistilfinning landsmanna var svo lömuð og voluð, að þeir sáu ekki annan kost vænni en hverfa héðan til eyðilanda vestur í heimi, þar sem þeir týndust þjóð sinni og sjálfum sér að meira eða minna leyti. Sagan sem ég les, segir frá afdrifum einnar slíkrar útflytjendafjölskyldu frá tímum Ameríkuferðanna. Hún hefur það til síns ágætis að vera sönn, það sagði mér hana gamall íslenskur útflytjandi eitt sumarkvöld fyrir þrem árum í Árborg í Nýja Íslandi, Manitoba.“ Sjá minnismiða úr förum Halldórs á handritadeild Landsbókasafns. Lbs 200 NE.

47 Greinin birtist síðar í *Dagleið á fjöllum* (1937), og er hér vitnað til þeirrar útgáfu.

„kotungurinn“, sem Halldóri er alla tíð mjög hugleikinn.⁴⁸ „Landneminn mikli“ er skáld.

Mín framtíð er kvæði á Kyrrahafsströnd

Eftir rúmlega fjögurra mánaða dvöl í Manitoba hélt Halldór áfram til vesturstrandarinnar. Í bréfi til Erlends Guðmundssonar frá Los Angeles 26. október 1927 lýsir hann ferðalaginu, sem tók fimm sólarhringa og er „með skemtilegustu járnbrautarferðum, sem ég hef farið.“ Lestin kom m.a. við í Salt Lake City í Utah sem Halldór ber strax saman við Ísland: „Utah-ríkið er nákvæmlega eins og Fljótsdalshérað, að frádregnu Lagarfljóti, fjöllin íslensk.“⁴⁹ Í „Tildrögum Paradísarheimtar“ vikur hann að viðdvöl sinni í Utah og minnst íslensks vesturfara sem hann hafði lesið um í bernsku:

Haustið 1927 þegar ég stóð í fyrsta sinni andspænis musterinu í Salt Lake City með hásmíðuðum turnum sínum þráðbeinum upp og ofan, og hinumegin við torgið kúrir tabernaklið ávalt og ílángt [...] þá kom upp í hug mínum sagan sem ég hafði lesið af tilviljun dreingur, um pílgrímsfarir lítils karls um veröldina í leit að fyrirheitna landinu, og ef hægt var, enn viðurhlutameiri raunir sem fólk hans rataði í eftir að hann var farinn. Ég vissi ekki fyr en ég var farinn að leiða saman sögu þessa við sjálfan veruleikann. Hugmyndin hélt síðan áfram að sækja á mig í meira en þrjátíu ár.⁵⁰

Hann segist hafa glímt við yrkisefnið árum saman, því aðalatriðið, „hið fyrirheitna land“ (238), hafi aldrei ætlað að komast í brennipunkt, „stundum vissi ég varla hvaðan mig bar að eða hvert ég ætlaði, né um hvað sagan væri. Satt best að segja held ég að til þess að hægt sé að setja sæmilega bók saman um fyrirheitna landið, þá verði sá sem það gerir að hafa leitað þessa lands sjálfur, og helst fundið það.“ (237–238) Í *Paradísarheimt* (1960) styðst Halldór mjög við frásagnir mormónans Eiríks frá

48 Sbr. Halldór Laxness, *Úngur eg var* (1976), kaflann „Sagan af sögu kotúngsins“, bls. 218 o.áfr. Um leið er hann mjög upptekinn af landnámi, og má hér benda á að fyrsta bindi skáldsögunnar *Sjálfstætt fólk* (1934–1935) heitir „Landnámsmaður Íslands“.

49 Lbs 5 NF Bréfasafn Erlends Guðmundssonar.

50 Halldór Kiljan Laxness, „Tildrög Paradísarheimtar“, *Upphaf mannúðarstefnu* (1965), bls. 237.

Brúnum, þess „litla karls“ sem honum kemur í hug haustið 1927, sjálfur á leið til síns fyrirheitna lands í Hollywood.⁵¹ Verður Eiríkur fyrirmyndin að Steinari bónda í Hlíðum undir Steinhlíðum sem fer til Ameríku og verður þar Stone P. Stanford áður en hann snýr aftur til Íslands og finnur fyrirheitna landið í túninu heima.

„Nú er ég kominn vestur hingað í þetta margrómaða land sólar og sumars,“ segir Halldór í upphafi bréfsins til Erlends 26. október 1927. „Þetta er einhver hin glæsilegasta borg. Pálmaviðir, skrautlegar götur og torg, íburðarmiklar byggingar, sem minna á skrautleg brúðuhús.“ Þremur vikum síðar lýsir hann staðnum í bréfi til Einars Ólafs Sveinssonar, dagsettu í Los Angeles 17. nóvember: „Íbúar 1.500.000. Hollywood. Goldwin Studios. Laski Studios. Universal Film. The Movies. Movie actors. Movie stars. The movie game. – Svona tala þeir hérna.“⁵² Hann hefur tekið sér nafnið „Hall d’Or, – in movie circles,“ og segist vera að ljúka við að semja ritgerðina „Cinematography and Creative Art“ sem hann ætli að senda tíu stærstu blöðum heimsins.⁵³ Að því loknu ætlar hann að undirbúa fyrirlestur „on the Spirit of the Nordic Classics“ og muni þar helst dvelja við „the dramatic value of the Sagas“. Þá segist hann hafa kynnst „ýmsum heimsfrægum mönnum við filmuna“. Nokkrum dögum síðar hefur hann orðið fyrir vonbrigðum með kvikmyndaheiminn og hugsar til Íslands. Í bréfi til Erlends frá Los Angeles 29. nóvember 1927 minnst hann þess

51 Eiríkur Ólafsson (1823–1900) frá Brúnum í Rangárvallasýslu gerðist mormónatrúar og fór vestur um haf til Utah 1881. Þar var hann í átta ár en fór þá aftur til Íslands og átti heima í Reykjavík síðustu æviár sín. Hann skrifaði tvær ferðabækur, aðra um ferð sína til Danmerkur, *Litil ferðasaga*, Reykjavík 1878, og hina um ferðina til Utah, *Litil ferða saga*, Kaupmannahöfn, 1882. Frásögnin sem Halldór rifjar upp frammi fyrir musterinu hljóðar svo hjá Eiríki: „Jeg skoðaði vel með þankafullri eptirtekt musterid, sem þar er verið að byggja, og er það sú merkilegasta húsbýgging, sem jeg hefi sjed; það stendur 16 feta í jörð niður, og 16 feta þykkur veggurinn úr gráhvítum marmara steini, og glittir á veggina, og var þar fjöldi manns að höggva og leggja steinana. Það mun vera húsið, sem veröldin er að hæða og spotta Mormóna fyrir, að í hvaða meiningu þeir eru að byggja það, enn seinna koma sumir dagar og koma þó.“ *Litil ferða saga*, bls. 32. Villhjálmur Þ. Gíslason gaf út safnrit Eiríks árið 1946 ásamt eftirmála og skýringum. Sjá einnig George S. Tate, „Halldór Laxness, mormónarnir og fyrirheitna landið.“

52 Vitnað til eftir Peter Hallberg, *Hús skáldsins I*, bls. 51.

53 Þessi grein birtist aldrei á ensku, en mun vera uppistaðan í „Kvikmyndin ameríska 1928“ sem birtist í *Alþýðubókinni*, greinasafni um menningar- og þjóðfélagsmál sem Halldór vann að í Kaliforníu og kom út 1929. Að sögn Peters Hallberg fékk Halldór greinina birta í austurríska tímaritinu *Das neue Reich*, 4. ágúst 1928. Sbr. *Hús skáldsins I*, bls. 52.

að þennan dag í fyrra hafi hann verið staddur á Grímsstöðum á Fjöllum, „tveggja metra þykkur snjór. Öreffi á alla vegu.“ Í þessu bréfi segist hann hafa samið uppkast að sögu á ensku sem hann kalli *Kari Karan* og tekið „synopsis af henni fyrir filmuna“. Þá hefur hann lagt „all-mikla vinnu í að stúdera filmuna“ og „kynst ýmsum merkum aðstandendum hennar, svo sem Sjöström, Chrisander, William Conclyn o.fl., o.fl., minna þektum.“ Segist hann hafa komist að því að kvikmyndagerðin sé „í einu orði sagt aðeins *cold-blooded god damn'd business*, – stjórnað út frá Wall Street í New York“ og öll félögin séu í höndum ómenntaðra braskara. „Bæði Seastrom (einsog hann kallar sig hér) og Chrisander eru disgusted.“ Segir hann að Chrisander hafi tekið það fram við sig „að í því, sem ég hygðist að skrifa fyrir filmuna, skyldi ég gæta þess, að þræða hvergi þá aðferð sem mest væri tíðkuð af filmwriters, – nfl. að semja eitthvað sem væri sellable í Wall Street“. Því segist Halldór ætla að semja „hér 12 kvikmyndaleikrit í vetur með þveröfugum vinnubrögðum við alt, sem hér er framleitt“. Í þessum framtíðaráætlunum kemur fram athyglisverð togstreita milli kvikmyndarinnar og skáldsögunnar, milli ensku og íslensku: „En því meira sem ég fæst við enskuna sem höfundarmál, því meira stríð verður milli hennar og míns norrænubundna uppeldis. Sem rithöfundur vil ég semja listaverk á íslensku.“⁵⁴ Í bréfi til Jóns Helgasonar rúmu ári síðar, 27. desember 1928, segist hann hafa „einga metorðagirnd í þá átt að skrifa á ensku, enda þótt mér sé það ekki allerfitt. Það er ræfilskapur að skrifa á útlendu máli, en það hefur verið mér alldýrt að komast að þessari niðurstöðu.“⁵⁵

Í Los Angeles samdi Halldór nokkurra blaðsíðna drög á ensku að tveimur kvikmyndum, *Kari Karan*, upp úr smásögu sinni „Skáldið og hundur hans“ frá 1920,⁵⁶ og *Woman in Pants* eða *The Icelandic Whip* sem hann síðar byggir á skáldsögunum um Sölku Völku. Með frumstæðum lýsingum á mannlífi norðurhjarans hefur Halldór ætlað sér að slá í gegn á

54 Lbs 5 NF Bréfasafn Erlends Guðmundssonar.

55 Lbs 23 NF Bréfasafn Jóns Helgasonar.

56 Sagan var fyrst samín á dönsku, „Digteren og Zeus“ og birtist í *Berlingske Tidende* 1920. „Skáldið og hundur hans“ birtist í fyrsta smásagnasafni Halldórs, *Nokkrar sögur* (1923). Einnig í *Þáttum* (1954).

svipaðan hátt og íslenskir rithöfundar höfðu áður gert í Danmörku.⁵⁷ „Uncultivated passions“ einkenna líf persónanna sem eru „rude, naïve and primitive,“ og hundurinn Seifur heitir hér „Viking“. Um tíma virtist sem Metro Goldwyn Mayer hefði áhuga á myndinni um Sölku Völku, en úr því varð ekkert.⁵⁸

Halldór skrifar svo til ekkert á ensku meðan hann er í Kaliforníu,⁵⁹ en þeim mun fleiri pistla á íslensku fyrir vestur-íslensku blöðin í Winnipeg. Tveir þeirra fjalla um Íslendinga sem báðir eru leikarar og hafa slegið í gegn í Hollywood. Annar er um Bill Cody, sem leikur kúreka og reynist vera Íslendingur sem af „verzlunarástæðum“ hefur kastað íslenska nafni sínu og tekið sér listamannsheitið Cody. Hann hefur kynnt sér „bæði fornsögurnar og íslenskar þjóðsögur“ og eru skemmtilegustu endurminningar hans frá Íslandi, en þangað var hann sendur „sjö vetra gamall drengur, munaðarlaus“. Hann dvaldist á annað ár í Skagafirði, og þar lærir hann að sitja hest! Hann kunni líka íslensku en er nú búinn að gleyma öllu nema „harðfiskur“.⁶⁰ Hinn pistillinn er um Bjarna Björnsson „hermileikara“, og er list hans einnig komin frá Íslandi. „Hermilistin,“ segir Halldór, er nefnilega „einhver þjóðlegasta list, sem vjer eigum, en í meira lagi sjaldgæf erlendis. T.d. er hún óþekt hjer í Bandaríkjunum.“ Hann lýsir því hve undarlegt það hafi verið þegar hermileikarinn íslenski var kynntur honum sem „Mr. Barni Bronson the only Icelandic comedian in Hollywood,“ og hvetur hann til að fara heim. Það sé betra að verða ógleymanlegur hjá smárri þjóð en hverfa inn í milljónaþjóðina sem lítilsvirði sína stærstu menn. „Gáfur þínar eru skapaðar og list þín þroskuð í jarðvegi íslenskrar menningar, – þar áttu heima!“⁶¹

57 Sjá rit Helgu Kress, *Guðmundur Kamban. Æskuverk og ádeilur* (1970). Einkum kaflann „Væringjar.“

58 Peter Hallberg segir ýtarlega frá handritunum og ferli þeirra í *Húsi skáldsins* I, bls. 49–65. Sjá einnig grein hans „Laxness og filmen.“

59 Halldór birti aðeins tvær greinar á ensku, báðar um Ísland. „Social Conditions in Iceland,“ *The Nation* 11. september 1929, í dálkinum „International Relations Section,“ og „Life and Letters in Iceland and United States – A Contrast,“ *The Open Forum* 19. október 1929.

60 Halldór Laxness, „Bill Cody,“ *Heimskringla* 16. nóvember 1927, bls. 1. Greinin birtist með mynd af kúrekanum.

61 Halldór Laxness, „Bjarni Björnsson hermileikari,“ *Heimskringla* 18. janúar 1928, bls. 4. Einnig í *Lesbók Morgunblaðsins* 4. mars 1928.

Í Kaliforníu kynntist Halldór rithöfundinum Upton Sinclair (1878–1968). Í *Skáldatíma* (1960) segir hann ýtarlega frá kynnum þeirra sem hófust með því að Halldór sendi honum „línu“ til Pasadena (73).⁶² Sinclair svaraði strax og bauð Halldóri í lunch. Í bréfum til vina sinna vitnar Halldór mikið til Sinclairs og samtala sinna við hann.⁶³ Í bréfi til Erlends frá Los Angeles 8. september fjallar hann um amerísku kvikmyndina sem hann segir að sé „hopeless case“ og ekki fyrir sig að eiga neitt við meir. „Leikritinu, sem ég stakk upp á við Metro–Goldwyn Mayer–félagið, og gerast skyldi á Íslandi, þótti þeim mjög ‘interesting’, – ef þeir mættu snúa því upp á Kentucky.“ Segir hann að Sinclair hafi hlegið mikið að þessu og ætlað að nota í bók.

Eftir að kvikmyndagerðin hafði brugðist reyndi Halldór að koma *Vefaranum mikla* á markað í Ameríku og eyddi miklum tíma í að þýða hann á ensku ásamt vini sínum Magnúsi Á. Árnasyni, sem þá átti heima í San Francisco.⁶⁴ Vorið 1929 sendi hann Upton Sinclair fyrstu kaflana til umsagnar og fékk bréf til baka, dagsett á Long Beach 4. maí 1929, þar

62 Áhuga Halldórs á Upton Sinclair má ef til vill rekja til áhrifa frá Einari H. Kvaran, til greinar hans „Upton Sinclair og auðvaldið í Bandaríkjunum,“ sem birtist í *Skími* 1927, sama haust og Halldór fer til Kaliforníu. Þá þýddi sonur Einars, Ragnar E. Kvaran, sem Halldór umgekkst mikið í Winnipeg, skáldsögu Sinclairs, *They Call me Carpenter* (1922), og skrifaði að henni eftirmála. Sbr. *Smiður er ég nefndur*, Reykjavík: Alþýðuprentsmiðjan, 1926.

63 Þá ritaði Halldór langa grein um Sinclair, „Nokkrar línur með ljósmynd Upton Sinclairs,“ *Iðunn* 4/1929. Sjá einnig „Upton Sinclair leikur á fiðlu,“ *Alþýðublaðið* 12. nóvember 1929. Greinin er dagsett í Los Angeles að kvöldi 29. september og lýsir hrifningu Halldórs sem hefur orðið vitni að fiðluleik Sinclairs á stjórnmálafundi hjá Open Forum. „Ég fyrir mitt leyti hefði aldrei getað ímyndað mér, að einn af frægustu rithöfundum veraldarinnar léki þó svona vel á fiðlu.“ (2) Síðar minnst Halldór Sinclairs ýtarlega í kaflanum „Af Upton Sinclair,“ *Skáldatími* (1963), bls. 73–78.

64 Í minningargrein um Magnús rifjar Halldór upp þýðingarstarfið sem fór að mestu fram í San Francisco: „þar höfðum við Magnús af að þýða Vefarann á ensku í frumdrögum – andvana fædd hugmynd, og mætti segja mér að handritið sem við kláruðum af bókinni hafi nú hlotið þá frægð sem vert er, því það liggur einhverstaðar númererað í horni á Landsbókasafni Íslands.“ Sjá „Magnús Á. Árnason. Liðnir dagar,“ *Við heygardshornið* (1981), bls. 125. Sjá einnig merkilega frásögn Magnúsar af samstarfi þeirra Halldórs í San Francisco, „Kiljan í Kaliforníu,“ *Gamanþættir af vinum mínum* (1967). Á bls. 56–57 segist hann þykjast hafa átt sinn „litla þátt í því, að Halldór hélt áfram að skrifa á íslensku [...] Ég veit að hann hugleiddi möguleika á því að fara að skrifa á ensku [...] Hann bar málið undir mig [...] Ég hélt því fram, að hann hefði þá þegar tamið sér svo sterkan stíl og svo samtvinnaðan móðurmálinu, að það mundi taka hann tíu ár að ná sömu tökum á öðru máli. Auk þess sá ég fram á hvaða gildi það hefði fyrir alla þjóðina, að þessi snillingur skrifaði á íslensku.“

sem Sinclair segist hafa lesið handrit hans af miklum áhuga, þýðingin sé að vísu gölluð, en svona sögur í tísku, „and so it seems to me you should ‘arrive’ in America.“⁶⁵

„Mín framtíð er kvæði á Kyrrahafsströnd / um hin kaldsælu lönd,“ orti Halldór í Reykjavík vorið sem hann fór vestur.⁶⁶ En hann sló ekki í gegn í Ameríku. Honum tókst hvorki að gera „usla í kvikmyndahéminum“⁶⁷ né gefa út eftir sig bók á ensku. Ameríka hafði hafnað honum í annað sinn.

Í kaflanum „Þegar tíminn hvarf í Ameríku“ í *Skáldatíma* minnst Halldór þess þegar honum, eftir tveggja ára dvöl í Kaliforníu, verður litið upp í glugga sem stóð í hálfu gátt í íbúð hans og hafði ekki verið hreyfður í tvö ár:

Sannleikurinn er sá að veður í þessum parti heims eru svo blíð og kyrr að gluggi sem er látinn á hálfu gátt í dag heldur áfram að standa svo með ummerkjum uppá millimeter í næstu tíu þúsund ár ef einginn finnur uppá því að halla honum aftur. Ég hafði borist hingað að hálfu í hugsunarleysi og gert ráð fyrir að staldra hér í nokkra daga, í hæsta lagi fáeinar vikur, en gleymt tímanum í logni og sólskini. Glugginn sá arna sem stóð í hálfu gátt og safnaðist ryk í gluggakistuna, – það var komið á þriðja ár síðan ég hafði lokið honum upp. (84–85)⁶⁸

Það grípur hann felmtur þegar hann hugsar til þess sem hann hefur gleymt meðan tíminn leið í Kaliforníu. Hann ákveður að kveðja „þessa

65 Bréfið er vélritað og hefur varðveist meðal bréfa Halldórs til Erlends Guðmundssonar á Landsbókasafni. Þrjú bréf frá Halldóri til Sinclairs er að finna í Upton Sinclair, *My Lifetime in Letters* (1960).

66 Fyrst hét kvæðið „Vorkvæði“, sbr. *Kvæðakver* (1930). Í *Kvæðakveri* (1949) hefur það fengið nafnið „Apríllinn“ og þar segir Halldór það „ort í Reykjavík vorið 1927, rétt áður en ég fór til Bandaríkjanna.“ (142)

67 Sbr. bréf Halldórs til Jóns Helgasonar, dagsett í Los Angeles, 21. nóvember 1927. Lbs 23 NF. Bréfasafn Jóns Helgasonar.

68 Hér tekur Halldór sér skáldaleyfi. Í raun átti hann a.m.k. heima á þremur stöðum þann tíma sem hann var í Los Angeles: 443 South Hartford Ave, 1631 Acacia Street og 437 South Hartford Ave. Í bréfi til Sigríðar móður sinnar frá 31. október 1928 segir hann henni frá flutningi sínum í Acacia Street: „Ég er fluttur þaðan sem ég var áður og hef hér ágætis íbúð og fæði þar sem ég er nú – sólríka stofu með inndælum húsgögnum og pianói.“ Þar átti hann heima fram á sumar 1929 og var því aðeins þrjá mánuði í síðustu íbúðinni. Sjá Bréf til Sigríðar Halldórsdóttur frá Halldóri Laxness. Lbs 200 NF. Bréfasafn Halldórs Laxness.

jarðnesku sælu“ og halda áfram förinni. „Ég sendi símskeyti til Íslands: Elsku mamma, geturðu sent mér fyrir fari heim. Peníngarnir voru símsendir mér eftir fáa daga og ég náði heim um jólin.“ (85)

Heiðin

Í *Úngur eg var* (1976) minnst Halldór dvalar sinnar í Ameríku, þangað sem hann segist hafa farið örmagna gagnvart verkefni sem hann sá hvergi fyrir endann á, yrkisefni kotungsins:

Ég hvarf til Amríku þar sem ég rétti mig við og komst aftur til manna. Fimm ár liðu svo, þaraf þrjú í Amríku, að ég snerti ekkert skáldskaparkyns; en fékst dálítið við ritgerðasmíð í félagslegum anda (1927–30). Í Amríku hætti ég í bókstaflegum skilnáingi að vera skáld, hafi ég verið það áður nema í ímyndun sjálfs mín. En þriðja árið mitt í Los Angeles brá þó svo við í miðjum kæfandi sumarhitum Kaliforníu, að ég veit ekki fyren ég er enn einusinni búinn að negla mig niður við skrifborð og byrjaður á sögunni um þennan mann sem var bölvæður af guði og mönnum. Ég hef óljósa endurminningu um handskrifaða gerð sögunnar í 90 stigum á Fahrenheit, og ég kallaði Heiðina. (220)

Handrit „Heiðarinnar“ er 257 þéttskrifaðar síður, dagsettar í „Los Angeles, Júlí–September 1929“. ⁶⁹ Upphaflega átti verkið að vera saga í þremur bindum um vesturferðir Íslendinga, og eru nöfn bindanna skrifuð innan á titilblað handritsins. Fyrsta bindið er *Heiðin*, annað *Westra* og það þriðja *Icelander frá Winnipeg*. Halldór skrifaði aldrei nema fyrsta bindið, það sem gerist á Íslandi, en á því byggði hann síðar *Sjálfstætt fólk* (1934–1935). ⁷⁰

„Heiðin“ fjallar um kotbóndasoninn Guðmund Guðmundsson, sem er kallaður Gvendur. Hann kynnist ríkum Vestur-Íslendingum, Mr. Snædal og börnum hans, sem koma og tjalda í heiðinni. Mr. Snædal er alinn upp á þessum slóðum, en fór ungur vestur um haf og hefur ekki komið til landsins í þrjátíu ár. Gvendur er sérstaklega hugfanginn af

69 Handritið er varðveitt á Landsbókasafni. Peter Hallberg hefur fjallað ýtarlega um það og birt úr því kafla. Sjá „Heiðin. Fyrsta uppkastið að skáldsögunni *Sjálfstætt fólk*,“ *Tímarit Máls og menningar* 3/1955.

70 Sbr. eftirmála Halldórs við *Sjálfstætt fólk*, aðra útgáfu (1952), bls. 471.

dótturinni Evelyn. Þegar hann sér hana „var eins og heiðapiltinum væri í fyrsta sinni færður heim sannur um tilvist útlanda“.⁷¹ Hún hrífst hins vegar af heiðinni, sem henni finnst „beautiful, divine“. Hún kann ekki íslensku og biður Gvend að kenna sér. Að því kemur að Vestur-Íslendingarnir bjóða Gvendi að koma vestur til sín ef honum takist að afla sér farareyris. Honum tekst það og sagan endar á hugleiðingum hans þar sem hann, með farareyrinn í höndunum, veltir því fyrir sér hvort hann eigi að fara eða vera. „Hann horfði út í nóttina, út í frið næturinnar – tindarnir yfir suðurheiðunum voru sofnaðir inn í bláma næturinnar. Ísland, hugsaði hann, og það var kanski í fyrsta sinn sem honum var ljóst hvað það þýddi.“ Hér lýkur handritinu, en höfundur bætir við þessari athugasemd til skýringar eða minnis: „Bókin endar á því að strákurinn sofnar á hlaðinu og verður af skipinu.“

Halldór getur ekki sent hann burt og því hvorki lokið „Heiðinni“ né skrifað hin bindin tvö sem áttu að segja frá því sem gerðist í Vesturheimi. Í *Sjálfstæðu fólki* leysir Halldór þennan vanda með því að skipta drengnum í þrennt: Helga sem verður heiðin um megn og sviptir sig lífi, Nonna litla sem hverfur vestur um haf og Gvend sem ætlar til Vesturheims en verður strandglópur.

Móðir Nonna hafði sagt honum frá löndunum, og þar sér hún hann fyrir sér í skáldskap, meiri mann og á betri stað en í heiðinni:

sé ég oft í óskahöllum,
ilmanskógum betri landa,
ljúflíng minn, sem ofar öllum
íslendingum kunni að standa,

hann sem eitt sinn undi hjá mér
einsog tónn á fiðlustreingnum,
eilíft honum fylgja frá mér
friðarkveðjur brottu geingnum.⁷²

71 Halldór Laxness, *Heiðin*, eiginhandarrit. Lbs 200 NF

72 Vitnað er til annarrar útgáfu sögunnar frá 1952, bls. 193, en þar hefur Halldór gert breytingu á kvæðinu frá útgáfunni 1934, breytt „eða skógum betri landa“ (I, 309) í „ilmanskógum betri landa“ sem er skáldlegri mynd og felur í sér meiri þrá.

Lýsingin á Nonna og mömmu hans í *Sjálfstæðu fólki* minnir á frásögnina af Nonna (Jóni Sveinssyni) í *Í túninu heima*.⁷³ Synirnir bera sama nafn og eru á svipuðum aldri þegar móðirin sendir þá út í heim. Báðir verða þeir listamenn, annar rithöfundur, hinn söngvari. Móðurbræður Nonna litla í *Sjálfstæðu fólki* senda eftir honum frá Vesturheimi og í minningu móður sinnar fer hann. Seinna fær Gvendur bréf frá honum ásamt „tvö hundruð dollars, sem frændi sendir svo þú getir komið til America [...] þú getur orðið hvað sem þú vilt.“ (385)

„Þau eru glysmál amríkubræfin“ (386), segir Bjartur við son sinn og vill að hann taki við jörðinni. Pilturinn óhlýðnast föður sínum og er á leið til skips þegar hann hittir unga stúlku. Þau þeysa á hestum upp um allar heiðar og það endar með að hún stingur hann af og hverfur. Gvendur ætlar að snúa við og freista þess að ná skipinu: „En þá neitaði folinn vendingu. Hvernig sem pilturinn barði fótastokkinn og lamdi með hnefunum, þá lét hann ekki mjaka sér.“ (404) Gvendur verður af skipinu, og með staðan hest eins og Gunnar á Hlíðarenda á kortinu forðum ákveður hann að fara hvergi, en vera kyrr og efna til einhvers betra heima hjá sér.

Heimildir

Óprentaðar heimildir

Lbs 545 fol. Bréfasafn Rögnvalds Péturssonar.

Lbs 5 NF Bréfasafn Erlends Guðmundssonar.

Lbs 23 NF Bréfasafn Jóns Helgasonar.

Lbs 200 NF Bréfa- og handritasafn Halldórs Laxness.

Lbs 200 NF Halldór Laxness. Heiðin.

73 Móðurmyndin er athyglisverð í sambandi við vesturfaraminnið í verkum Halldórs. Í *Brekkukotsannál* (1957) er móðir sögumannsins á leið til Ameríku þegar hún fæðir hann í Brekkukoti og skilur eftir nakinn í „fánginu á Birni sáluga grásleppukarli“, áður en hún hverfur á braut og er „úr sögunni“ (8-9). „Ég skal, ég skal, ég skal til Ameríku“ (92), æpir móðirin í *Atómstöðinni* (1948) og kastar sér á gólfið. Síðan flýgur hún til Ameríku og skilur börnin sín eftir í umsjá sveitastúlkunnar Uglu. Mæðurnar ýmist fara eða senda börnin (synina) burt. Svipað er að segja um ástkonurnar sem ýmist fara burt (Júdítt Lvoff) eða eru um kyrrt, tákmyndir landsins. Í *Sölku Völku* (1931-1932) fer Arnaldur til Ameríku og yfirgefur Sölku með orðunum: „Ég kalla á þig þegar ég dey.“ Vitnað er til þriðju útgáfu (1959), bls. 452.

Lbs án safnmarks. Bréfasafn Einars Ólafs Sveinssonar.

Lbs án safnmarks. Bréfasafn Stefáns Einarssonar.

Lbs án safnmarks. Stefán Einarsson. Ævisaga Halldórs Kiljan Laxness.

Rit eftir Halldór Laxness (í þeirri röð sem þau birtust)

„Barnablaðið ‘Sólskin’.“ *Æskan* 6/1916.

„Sólskinsbörn. Kveðjusending frá landa ykkar og vini austur á Íslandi.“ „Sólskin, barnablað Lögbergs.“ *Lögberg* 15. júní 1916.

„Sólskin, barnablað Lögbergs.“ *Lögberg* 29. júní 1916.

„Til Sólskinsbarna. H. Guðjónsson frá Laxnesi sendir.“ „Sólskin, barnablað Lögbergs.“ *Lögberg* 9. nóvember 1916.

Barn náttúrunnar. Ástarsaga. Reykjavík: [höfundur], 1919.

„Digteren og Zeus.“ *Berlingske Tidende* 2. maí 1920.

Nokkrar sögur. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, 1923.

Undir Helgahnúk. Reykjavík: Bókaverslun Ársæls Árnasonar, 1924.

Vefarinn mikli frá Kasmír. Reykjavík: [höfundur], 1927.

„Kveðið í Winnipeg.“ *Heimskringla* 17. ágúst 1927.

„Frá arninum út í samfélagið.“ *Lögberg*, 25. ágúst 1927; *Heimskringla* 31. ágúst 1927; *Alþýðublaðið* 1., 2. og 3. september 1927. Einnig í *Af menningarástandi*.

„Landneminn mikli.“ *Heimskringla* 7. september 1927; *Lögberg* 7. september 1927. Einnig í *Dagleið á fjöllum*.

„Nýa Ísland.“ *Heimskringla* 19. október 1927.

„Bill Cody.“ *Heimskringla* 16. nóvember 1927.

„Bjarni Björnsson hermileikari.“ *Heimskringla* 18. janúar 1928; *Lesbók Morgunblaðsins* 4. mars 1928.

„Ameríkubrjef.“ *Morgunblaðið* 16. desember 1928.

„Upton Sinclair fimtugur.“ *Alþýðublaðið* 27. desember 1928; *Heimskringla* 30. janúar 1929.

„Upton Sinclair leikur á fiðlu.“ *Alþýðublaðið* 12. nóvember 1929.

„Nokkrar línur með ljósmynd Uptons Sinclairs.“ *Iðunn* 4/1929. Einnig í *Dagleið á fjöllum* (1937): „Upton Sinclair og vestheimsk alheimska.“

„Social Conditions in Iceland.“ *The Nation*, 11. september 1929.

„Life and Letters in Iceland and United States—A Contrast.“ *The Open Forum*. Los Angeles 19. október 1929.

Alþýðubókin. Reykjavík: Jafnaðarmannafélag Íslands, 1929.

Kvæðakver. Reykjavík: Prentsmiðjan Acta, 1930. Önnur útgáfa. Reykjavík: Helgafell, 1949.

Salka Valka (1931–1932). Þriðja útgáfa. Reykjavík: Helgafell, 1959.

Fótatak manna. Akureyri: Þorsteinn M. Jónsson, 1933.

Sjálfstætt fólk. Hetjusaga. I–II. Reykjavík: E.P. Briem, 1934–1935. Önnur útgáfa. Reykjavík: Helgafell, 1952.

Dagleið á fjöllum. Reykjavík: Helgafell, 1937.

Atómstöðin. Reykjavík: Helgafell, 1948.

Reisubókarkorn. Reykjavík: Helgafell, 1950.

- Heiman eg fór. Sjálfsmynd æskumanns.* Reykjavík: Helgafell, 1952.
Þættir. Reykjavík: Helgafell, 1954.
Brekkukotsannáll. Reykjavík: Helgafell, 1957.
Paradísarheimt. Reykjavík: Helgafell, 1960.
Skáldatími. Reykjavík: Helgafell, 1963.
Upphaf mannúðarstefnu. Reykjavík: Helgafell, 1965.
Í túninu heima. Reykjavík: Helgafell, 1975.
Úngur eg var. Reykjavík: Helgafell, 1976.
Seiseijú, mikil ósköp. Reykjavík: Helgafell, 1977.
Grikklandsárið. Reykjavík: Helgafell, 1980.
Við heygarðshornið. Reykjavík: Helgafell, 1981.
Af menningarástandi. Reykjavík: Vaka-Helgafell, 1986.

Aðrar heimildir

- Árni Sigurjónsson. „Ritaskrá. Verk Halldórs Laxness 1916–1939.“ *Laxness og þjóðlífið.* Reykjavík: Vaka-Helgafell, 1987.
Brennu-Njáls saga. Íslensk fornrit XII. Einar Ól. Sveinsson gaf út. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag, 1954.
Dalamenn. Æviskrár 1703-1961. III. Jón Guðnason tók saman. Reykjavík: [höfundur], 1966.
Einar H. Kvaran. *Vestan hafs og austan.* Önnur útgáfa. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, 1908. [Fyrsta útgáfa 1901].
Einar H. Kvaran. „Upton Sinclair og auðvaldið í Bandaríkjunum.“ *Skírnir* 1927.
Eiríkur Ólafsson frá Brúnum. *Litil ferða saga.* Kaupmannahöfn: [höfundur], 1882.
Eiríkur á Brúnum. Ferðasögur – sagnabættir – mormónarit Eiríks Ólafssonar bónda á Brúnum. Vilhjálmur Þ. Gíslason sá um útgáfuna. Reykjavík: Ísafold, 1946.
„Fjær og nær.“ *Heimskringla* 15. júní 1927.
„Fjær og nær.“ *Heimskringla* 7. september 1927.
Gerrard, Nelson S. *Icelandic River Saga.* Arborg: Saga Publications, 1985.
Gísli Sigurðsson. „Halldór K. Laxness in Manitoba.“ *Lögberg – Heimskringla* 8. apríl 1988.
Gísli Sigurðsson. „Halldór Kiljan Laxness í Manitóba.“ *Þjóðviljinn* 17. apríl 1988.
Guðmundur Friðjónsson. *Úr heimahögum.* Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, 1902.
Hallberg, Peter. „Heiðin. Fyrsta uppkastið að skáldsögunni Sjálfstætt fólk.“ *Tímarit Máls og menningar* 3/1955.
Hallberg, Peter. *Hús skáldsins I.* Helgi J. Halldórsson íslenskaði. Reykjavík: Mál og menning, 1970. [Frumútgáfa: *Skaldens hus. Laxness diktning frá Salka Valka till Gerpla.* Stockholm: Rabén & Sjögren, 1956].
Hallberg, Peter. „Laxness och filmen.“ *BLM* 1/1955.
Hallberg, Peter. *Vefarinn mikli. Um æskuskáldskap Halldórs Kiljans Laxness.* I–II. Björn Th. Björnsson þýddi. Reykjavík: Helgafell, 1958–1960. [Frumútgáfa: *Den store vāvaren: En studie i Laxness' ungdomsdiktning.* Stockholm: Rabén & Sjögren, 1954].
Helga Kress. *Guðmundur Kamban. Æskuverk og ádeilur.* Reykjavík: Heimspekideild Háskóla Íslands og Bókaútgáfa Menningarsjóðs, 1970. [Studia Islandica, 29].

- Jackson, Thorstina. *Saga Íslendinga í Norður-Dakota*. Winnipeg: The City Printing & Publishing Co., 1926.
- Jóhann Magnús Bjarnason. *Eiríkur Hansson. Skáldsaga frá Nýja Skotlandi*. I-III. Kaupmannahöfn: Oddur Björnsson, 1899; Akureyri, 1902 og 1903.
- Jóhann Magnús Bjarnason. *Vörnætur á Elgsheiðum. Sögur frá Nýja Skotlandi*. Reykjavík: Bókaverzlun Sigfúsar Eymundssonar, 1910.
- Konur skrifa bréf. Sendibréf 1797-1907*. Finnur Sigmundsson bjó til prentunar. Reykjavík: Bókfellsútgáfan, 1961.
- Magnús Á. Árnason. *Gamanþættir af vinum mínum*. Reykjavík: Helgafell, 1967.
- Olson, B.B. „Halldór Kiljan Laxness.“ *Heimskringla* 7. september 1927.
- Sig. Júl. Jóhannesson. „Vel varið kvöldstund.“ *Heimskringla* 7. september 1927.
- Sinclair, Upton. *My Lifetime in Letters*. Columbia: University of Missouri Press, 1960.
- Vestur-Íslenzkar æviskrár II*. Benjamín Kristjánsson bjó til prentunar. Akureyri: Bókaförlag Odds Björnssonar, 1964.
- Tate, George S. „Halldór Laxness, the Mormons and the Promised Land.“ *Dialogue. A Journal of Mormon Thought* 2/1978.
- Tate, George S. „Halldór Laxness, mormónarnir og fyrirheitna landið.“ *Lesbók Morgunblaðsins* 5. maí 1979.
- Vore fædres liv. Karakterer og skildringer fra Sagatiden*. Samlet og udgivet af Nordahl Rolfsen. Med 40 illustrationer af A. Bloch. Önnur útgáfa. Kristiania: J.M. Stenersen og Co.s Forlag, 1898.
- Póroddur Guðmundsson. *Guðmundur Friðjónsson. Ævi og stöf*. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, 1950.

Ritmennt, 2002

Summary

The Fragrant Forests of Better Lands

*Halldór Laxness in the New World
and the Theme of Emigration in His Work*

The westward migrations of Icelanders in the last quarter of the nineteenth century fascinated Halldór Laxness from an early age. He refers to this exodus time and again in his work, where it symbolizes the dilemma of being an Icelander: staying home or going off to seek the Promised Land. He links the theme of emigration with poets and poetry, language and nationality, but also

ILMANSKÓGAR BETRI LANDA

with separation – from woman, mother, origins. Laxness himself was no stranger to the New World; he lived there from 1927 to 1929, first in Manitoba for several months and later in California, where he tried to make his mark in the movie industry as a screenwriter.